

Knattspyrnufélagið Haukar

Stofnað 12. apríl 1931



Ársskýrsla Aðalstjórnar Hauka starfsárið 2017



Innihald

A.	Inngangur	2
B.	Aðalstjórn Hauka	4
C.	Starfsnefndir	5
D.	Leikjaskóli barnanna	5
E.	Frístundaheimili Hauka	9
F.	Afreksskóli Hauka	10
G.	Barna- og unglingaráð	11
H.	Skákdeild	11
I.	Öldungaráð Hauka	11
J.	Íþróttahátíð Hauka	11
K.	Getraunaleikur	12
L.	Minningar- og styrktarsjóður Hauka	12
M.	Félagsráð Hauka	13
N.	Haukar í horni – stuðningsmenn	13
O.	Almenningsíþróttadeild	13
P.	Knattspyrnudeild	16
Q.	Handknattleiksdeild	19
R.	Körfuknattleiksdeild	20
S.	Karatedeild	23
T.	Blak	24
U.	Golf	25
V.	Veiði	27
W.	Rekstrarfélag Hauka ehf	27
X.	ÍBH	27
Y.	Fjármál	28
Z.	Hafnarfjarðarbær	30
AA.	Lokaorð	32

Fylgiskjöl:

Ársreikningur aðalstjórnar 2017

Ársreikningur Rekstrarfélags Hauka ehf.



A. Inngangur

Liðið ár hefur á margan hátt verið ár þar sem Haukar byggja upp fyrir komandi ár með góðum árangri yngri flokka félagsins samhliða mestu uppbyggingu íþróttamannvirkja á Ásvallasvæðinu frá því að Ásvellir voru byggðir fyrir tæpum 20 árum.

Gengi meistaraflokka í handbolta og þó sérstaklega körfuboltaliðana síðast liðin vetur og vor var óneitanlega nokkur vonbrigði eftir einstakt ár þar á undan þar sem enginn Íslandsmeistaratitill vannst síðastliðið vor. Liðin hafa snúið blaðinu vel við og er útlit fyrir að sagan frá 2016 muni endurtaka sig nú á vormánuðum 2018 því meistarflokksliðin okkar eru á toppnum eða í efrihluta deildanna.

Yngri flokkar Hauka stóðu sig frábærlega á liðnu ári og unnu alls 6 Íslandsmeistaratitla í handbolta, körfu og fótbolta alls um 100 iðkendur Hauka sem fengu Íslandsmeistaratitil á liðnu ári. Að auki unnust 2 bikarmeistaratitlar á árinu. Glæsilegur árangur hjá okkar krökkum og ljóst að mikill efniviður er til staðar í Haukum til að viðhalda góðu gengi.

Kornungt karlaliði Hauka í körfunni sem skipað er uppöldum Haukastrákum er eitt á toppnum í Dómínósdeildinni eftir að hafa unnið góða sigra nú á móti sterkum andstæðingum og eiga mjög góða möguleika á að vinna deildarmeistaratitil í fyrsta skipti í sögu körfuknattleiksdeildarinnar. Liðið komst einnig í Final four úrslit bikarkeppninnar um miðjan janúar en náði ekki að komast í úrslit þetta árið. Haukar voru í fyrsta skipti í úrslitum frá 1996 með meistaraflokkslið karla í körfu í Laugardalshöll. Þá áttu Haukar nú á dögunum 4 uppalda unga Haukastráka í A-landslíðshópi Íslands. Haukar hafa aldrei í sögunni átt jafn marga leikmenn í A-landslíðshópi í körfu á sama tíma.

Meistaraflokkslið kvenna í körfunni er einnig í efsta sæti Dómínósdeildarinnar hefur ekki tapað leik síðustu mánuði og bendir allt til þess að liðið vinni aftur deildarmeistaratitilinn. Haukar áttu einng 4 stelpur í A-landslíði Íslands sem spilaði nýverið við sterkar þjóðir í Evrópukeppni landsliða. Kornungt meistaraflokkslið kvenna í handbolta í Olísdeildinni hefur staðið sig mjög vel það sem af er vetri og er í 3.-4. sæti í deildinni. Liðið er skipað stelpum sem að langmestu leiti eru uppaldar hjá Haukum. Kvinnaliðin eru og bæði með unga og efnilega uppalda Haukaþjálfara sem eru að standa sig einstaklega vel. Kvinnaliðin munu án efa gera harða atlögu að Íslandsmeistaratitlum í vor.

Karlalið Hauka í handknattleik er nú sem stendur í 4. sæti Olísdeildarinnar eftir erfiða byrjun þar sem nokkrir leikir töpuðust með minnsta mun. Liðið á mikið inni fyrir seinnihluta mótsins og er nokkuð víst að liðið endar ofar á töflunni í vor og mun gera atlögu að Íslandsmeistaratitlinum.

Staða handbolta- og körfuboltadeildanna um þessara mundir er ein sú allra besta í sögu Hauka sem sést m.a. á því að Haukar hafa núna í vetur átt fulltrúa samtímis í öllum A landsliðshópum í hand- og körfubolta karla og kvenna, alls 16 leikmenn, 8 konur og 8 karla.

Margt bendir til að einstök upplifun okkar Haukamanna frá vorinu 2016 sé að endurtaka sig nú vor þegar 4 meistaraflokkslið Hauka spiluðu til úrslita á sama tíma um Íslandsmeistaratitlana í hand- og körfubolta. Nú mun reyna verulega á úthald stuðningsmanna Hauka að styðja liðin í þeirri miklu baráttu sem framundan er.



Kvennalið Hauka í knattspyrnu fór verulega fram úr væntingum sumarið 2016 þegar liðið vann deildarmeistaratitil í 1.deild og komst upp í efstu deild. Ljóst var fyrir sumarið 2017 að sumarið 2017 yrði liðinu erfitt sem varð raunin. Mjög lítið vantaði upp á í mörgum leikjum liðsins í sumar til að liðið næði að halda sér upp í deild þeirra bestu. Liðið er hlaðið ungum og uppöldum knattspyrnukonum sem eru að koma upp úr starfi Hauka. Vonir standa til að liðið endurtaki leikinn frá sumrinu 2016 og vinni sér á ný keppnisrétt í deild þeirra bestu.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu sem einnig er hlaðinn ungum uppöldum Haukastrákum hélt áfram uppbyggingarstarfi þess liðs. Liðið var í efri hluta Inkasso deildarinnar megin hluta keppnistímabilsins en gaf eftir í lokin eftir að ljóst var að liðið væri ekki á leið í efstu deild. Miklar vonir eru bundnar við komandi keppnistímabil, að strákarnir springi nú alveg út og sýni að fullu hvað í þeim býr, nægur er efniviðurinn í liðinu.

Hlauparar Almenningsdeildar stóðu í ströngu í mörgum hlaupum innanlands sem utan á árinu. Deildin á orðið marga hlaupara sem eru í fremstu röð í langhlaupum hér á landi. Deildin stendur að nokkrum hlaupum á hverju ári en Hvítasunnuhlaup deildarinnar er það langstærsta sem vex í fjölda ár frá ári og er talið eitt af bestu hlaupum hvers árs var hápunktur sumarsins.

Karatedeildin hefur vaxið á árinu og er ungt og efnilegt karate fólk að koma upp innan deildarinnar. Einn iðkandi deildarinnar náði þeim merka árangri á árinu að fá svarta beltið í Karate sem er frábær árangur. Á næstu vikum er vonast til að a.m.k. 2 iðkendur deildarinnar nái svarta beltinu til viðbótar.

Blakhópur almenningsdeildar hefur einnig verið að vaxa þar sem nýliðahópar hafa hafið æfingar. Hópurinn óskaði formlega eftir við Aðalstjórn Hauka að stofnuð yrði blakdeild Hauka. Aðalstjórn Hauka samþykkti samhljóða eftirfarandi: „*Miðað við þarfir og umfang núverandi deilda innan félagsins er ekki mögulegt að verða við ósk um stofnun Blakdeildar Hauka.*

Haukar bjóða blakhóp Almenningsdeildar að halda áfram núverandi fyrirkomulagi sem ekki hefur haft teljandi áhrif á þá starfsemi sem fyrir er. Telji blakhópur Almenningsdeildar nauðsynlegt að útvíkka starfsemina eins og óskað er, þá telur aðalstjórn eðlilegt að blakhópurinn íhugi stofnun Blakfélags í Hafnarfirði, sem verði fullgildur aðili að ÍBH í framtíðinni.“

Haukar eru frumkvöðlar í að reka frístundaheimili sem gengið hefur mjög vel frá upphafi. Mikil ánægja foreldra hefur verið með starfsemina. Hefur verið fullt út úr dyrum í starfsemi heimilisins. Biðlistar hafa verið þar sem ekki hefur verið hægt að taka við fleiri börnum. Að samtengja skóla og íþróttastarf er jákvætt fyrir félagið okkar þar sem börnin venjast og sjá fyrirmyndir sínar í íþróttum á hverjum degi í glæsilegu íþróttafólki okkar Hauka. Veruleg fjölgun iðkenda í yngri flokkum Hauka er meðal annars rakin til starfsemi frístundaheimilisins.

Nýr íþróttasalur er nú risinn og er unnið að lokafrágangi innanhúss. Vonir standa til að æfingar hefjist í salnum nú lok mars, um mánuði síðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Mjög nauðsynlegt er að salurinn verði tilbúinn til æfinga áður en úrslitakeppni í meistaraflokkum hefjast því miðað við stöðuna nú þá verður mikil þörf á honum til æfinga á milli leikja. Salurinn verður alger bylting fyrir starf okkar Haukamanna þar sem við munu geta boðið iðkendum uppá mun betri æfingatíma og alla hér á Ásvöllum, niðurfelling æfingatíma verður algjör undantekning. Þá munu yngstu flokkar í knattspyrnu



fá æfingátíma inni í salnum yfir harðasta veturinn fyrst um sinn. Æfingasalurinn er það stór að tveir hópar í körfu munu auðveldlega geta æft á fullan völl samtímis. Þannig mun 2 hópar í handbolta og 2 hópar í körfu æfa á sama tíma að Ásvöllum á næsta ári. Hafnarfjarðarbær á mikið hrós skilið fyrir að hafa hvergi slakað á í gæðum hússins þar sam hljóðvist og allur búnaður er sá allra besta sem þekktist í íþróttahúsum. Vonast er til að næsta haust verði lokið við að setja áhorfendabekki í salinn þannig að hann nýtist að fullu til keppni.

Íþróttasalurinn verður vígður á afmælisdegi Hauka 12. apríl næst komandi. Eins og kunnugt er ákvað aðalstjórn Hauka fyrir 3 árum að nefna salinn „Ólafssal“ til minningar um Ólaf heitinn Rafnsson forseta ÍSÍ, formann KKÍ og forseta FIBA Europe.

Áfram verður haldið á þessu ári við uppbyggingu íþróttamannvirkja hér á Ásvöllum. Næst á dagskránni er bygging á nýju yfirbyggðu knatthúsi en á næstu vikum verður skrifað undir samning milli Hafnarfjarðarbæjar og Hauka um byggingu á yfirbyggðu einangruðu knatthúsi í fullri stærð sem stefnt er að hefja byggingu á á árinu 2019. Hafin er nú þegar vinna við breytingu á deiliskipulagi Haukasvæðisins samkvæmt framtíðarsýn Hauka ásamt að unnið verður að forhönnun hússins og svæðisins í kring á þessu ári. Ljóst er að um gríðarlega mikilvæga framkvæmd er að ræða fyrir Hauka þar sem aðstöðuleysi knattspyrnunnar yfir vetrarmánuðina stendur stærstu deild Hauka verulega fyrir þrifum.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa að undanfögnu sýnt gildi íþrótt- og æskulýðsstarfi mun meir skilning en áður og ber að þakka núverandi meirihlutflokkum í bæjarstjórn fyrir mikinn velvilja og stuðning við íþróttir í Hafnarfirði og þá sérstaklega hér á Ásvöllum. Vonandi er að ekki verði breytingar á velvija bæjaryfirvalda til uppbyggingar íþróttamannvirkja eftir kosningar nú í vor.

B. Aðalstjórn Hauka

Aðalfundur félagsins var haldinn mánudaginn 6. mars kl. 17 í Samkomusalnum. Fjöldmenni sótti fundinn. Fundarstjóri var Lúðvík Geirsson og fundarritari Bjarni Hafsteinn Geirsson.

Kosningu í stjórn félagsins næsta starfsár hlutu:

Formaður Samúel Guðmundsson

Varaformaður Valgerður Sigurðardóttir

Gjaldkeri Guðborg Halldórsdóttir.

Aðrir tilnefndir af deildum:

Frá Handknattleiksdeild: Þorgeir Haraldsson og Elva Guðmundsdóttir

Frá Knattspyrnudeild: Ágúst Sindri Karlsson og Jón Björn Skúlason

Frá Körfuknattleiksdeild: Jónas Jónmundsson og Guðlaugur Ásbjörnsson

Frá Karatedeild: Kristján Ó Davíðsson

Frá Almenningsdeild: Anton Magnússon

Frá Félagsráði: Bjarni H Geirsson

Kosning skoðunarmanna ársreiknings: Viðar Jónsson og Ása Karen Hólm



Á fundinn barst erindi um stofnun blakdeildar. Málinu var vísað til aðalstjórnar skv. lögum félagsins.

Guðlaugur Ásbjörnsson vék úr stjórn á árinu.

Rekstur félagsins og hluta þess hefur á árinu verið betri en undanfarin ár þó enn sé hann þungur. Með fjölgun iðkenda og samstillts átaks stærstu deilda félagsins hefur náðst að greiða niður skuldir frá liðnum árum og hefur rekstur yngri flokka félagsins verið í jafnvægi undanfarið ár.

Uppbygging á Ásvöllum hefur verið fyrirferðarmikil á fundum aðalstjórnar eins og undanfarin ár. Tímaskortur til æfinga hefur verið mikið til umræðu með nýjum íþróttasal mun sá vandi vera leystur til næstu ára.

Stjórnin hélt 8 bókaða fundi á árinu.

Framkvæmdastjóri félagsins er Magnús Gunnarsson.

Stjórnarmönnum í aðalstjórn er þökkuð góð störf á liðnu ári.

C. Starfsnefndir

Eftirtaldar starfsnefndi voru starfandi á árinu.

Minningar- og styrktarsjóður Hauka.

Formaður Bjarni H. Geirsson, Björg Guðmundsdóttir og Katrín Jónsdóttir

Framkvæmdanefnd með Hafnarfjarðarbæ um uppbyggingu Ásvalla: Samúel Guðmundsson og Þorgeir Haraldsson. Framkvæmdastjóri félagsins, Magnús Gunnarsson, starfar með nefndinni.

Fulltrúi félagsins í stjórn ÍBH: Magnús Gunnarsson.

Fulltrúi félagsins í stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH: Samúel Guðmundsson

D. Leikjaskóli barnanna

Leikjaskóli barnanna er fyrir börn á aldrinum 2ja til 5 ára. Starfsemin er fyrir hádegi á laugardögum.

Um 60 börn hafa sótt skólann með forráðamönnum sínum. Albert Magnússon stýrir starfseminni ásamt með aðstoðarfólki.

A. Íþróttaskóli Hauka

Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur yfir sumartímann síðan 2007 og eru því sumrin orðin tíu talsins. Frá byrjun hafa Haukar kappkostað að sýna þessu verkefni mikinn metnað og að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Þegar lagt var af stað í byrjun lá ekki ljóst fyrir hvernig við ætluðum að fara að því að standa við þau stóru orð að bjóða upp á íþróttaskóla fyrir alla en með markvissri vinnu og með



Því að halda sama starfsfólkinu milli ára hefur okkur tekist að skapa íþróttaskóla sem getur staðið undir því að geta tekið á móti öllum.

Íris Óskarsdóttir og Emil Barja sáu um stjórn skólans þetta sumar og var íþróttaskólinn rekinn með svipuðu sniði og áður. Knattspyrnuskólinn var kenndur í allt sumar þar sem aðsókn í hann hefur alltaf verið mikil. Í júní og ágúst var boðið upp á handbolta- og körfuboltaskóla líkt og fyrrí ár. Fyrir þau börn sem ekki höfðu áhuga á þessum íþróttum gátu þau sótt um fjölgreinaskólann sem boðið var uppá í allt sumar fyrir hádegi og eftir hádegi í júní og ágúst.

Eins og síðustu átta sumur buðu Haukarnir uppá námskeið í júlí fyrir börn á aldrinum 2-5 ára þegar leikskólar bæjarins fóru í frí. Það er námskeið í anda leikjaskóla barnanna og hefur það vakið mikla lukku og voru um 150 börn sem komu á þær þrjár vikur sem í boði voru. Það hafa til að mynda foreldrar úr öðrum bæjarfélögum nýtt sér það enda sjaldgæft að íþróttafélög bjóði uppá námskeið fyrir þennan aldurshóp að sumri til. Fengu við mikið lof og hrós fyrir námskeiðið og foreldrar voru mjög sáttir með þetta framtak.

Starfsmenn íþróttaskólans sáu ekki aðeins um að leiðbeina börnum í íþróttum heldur einnig að halda útisvæðinu við Ásvelli hreinu og snyrtilegu. Sverrir Þór Sverrisson vallarstjóri Hauka stjórnaði því verkefni og gekk það með þryði og sjaldan hefur það gengið eins vel og síðasta sumar.

Haldið í horfinu.

Það var ákveðið fyrir sumarið að hækka verðið á námskeiðunum. Það var þó ákveðið að stilla hækkunum í hof og hækkaði hálf vika úr 5.500,-kr í 6.000,-kr og heill dagur með hádegismat úr 13.500,-kr í 14.000,-kr. Þetta var að okkar mati mjög sanngjörn hækkun í ljósi hækanna í samfélaginu og heyrðust engar gagnrýnisráðir.

Skráningar í ár voru 771 á móti 835 sumarið á undan sem gerir um 7% fækkun frá því sumrinu en áður. Ástæðan fyrir þessari fækkun getur verið að ákveðið var að knattspyrnunámskeiðið yrði aðeins fyrir hádegi þetta sumar. Starfsmenn íþróttaskólans voru 64 á móti 92 starfsmönnum í fyrra. Mun færri starfsfólk sótti um í íþróttaskólanum í sumar heldur en síðustu ár.

Nýir yfirmenn voru á flestum námskeiðum þetta sumar. Yfir knattspyrnuskólanum voru leikmenn meistaraflokks Hauka þeir Þórður Jón Jóhannesson og Gylfi Steinn Guðmundsson. Yfir Körfuboltaskólanum voru þeir Kári Jónsson, Ívar Alexander Barja og Hjálmar Stefánsson, allir efnilegir körfuknattleiksmenn og yfir handboltaskólanum voru meistaraflokksleikmennirnir Brynjólfur Snær Brynjólfsson og Vilborg Pétursdóttir. Yfir íþróttaleikskólanum var Íris Dóra Kristinsdóttir en hún er einnig stafsmaður í frístundaheimili Hauka. Í fjölgreinaskólanum var ákveðið að fara í smá tilraunastarfsemi þetta sumar, sú tilraun gekk út á það að leyfa yngra starfsfólkinu í íþróttaskólanum frá 16-20 ára að skiptast á að stjórna fjölgreinánámskeiðinu í sumar ásamt fullorðnum leiðbeinanda sem fylgdist með. Tilraunin gekk virkilega vel og var gaman að sjá nýjar hugmyndir og leiki sem að héldu námskeiðnu fersku í allt sumar. Einnig er þetta gríðarlega mikilvæg reynsla sem að þessir unglingar fengu í stjórnun og skipulagi.

Allir þeir einstaklingar sem að komu að stjórnun íþróttaskólans þetta sumar stóðu sig frábærlega og eru þessir einstaklingar fyrirmyndir yngri iðkenda og því gaman að fá krakka til að æfa undir þeirra handleiðslu.



Íþróttaskólinn skiptist í þrjá hluta.

1. Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 2-16 ára
2. Umsjón með íþróttasvæði og mannvirkjum Hauka að Ásvöllum
3. Skóli fyrir verðandi leiðbeinendur og íþróttamenn framtíðarinnar

Upprunalega markmiðið með íþróttaskólanum var að bjóða upp á fjölbætta íþróttabjálfun fyrir börn á aldrinum 6-12 ára en fljótlega gerðum við okkur grein fyrir því að ekki síður mikilvægt væri fyrir okkur að hlúa vel að unga-fólkinu okkar, þ.e.a.s. unglíngunum í 8.-10.bekk sem og þeim sem komnir eru í menntaskóla. Þessi hópur fólks stækkar sífellt og á tímum mikils atvinnuleysis eykst þörfin fyrir að taka vel á móti þessum hópi og finna þeim krefjandi verkefni. Í Íþróttaskóla Hauka höfum við síðastliðinn 10 ár skólað til fjöldann allan af ungu fólki til að verða hæfari leiðbeinendur og að geta axlað ábyrgð. Nú í sumar fundum við vel fyrir því hvað við eigum orðið flottan hóp ungs fólks því margir voru á sínu 3.-10.sumri hjá okkur. Með þessu erum við að þjálfva upp þjálfara/leiðbeinendur framtíðarinnar hjá félaginu og er það ekki síður mikilvægt heldur en að félagið ali af sér afreksfólk.

Námskeiðin

Í íþróttaskólanum sumarið 2017 buðum við upp á eftirfarandi námskeið

1. Fótboltaskóli (6-12 ára) Heill dagur (starfræktur allt sumarið)
2. Körfuboltaskóli (6-12 ára) ½ dagur (4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)
3. Handboltaskóli (6-12 ára) ½ dagur (4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)
4. Íþróttaleikskóli (2-5 ára) (starfræktur í júlí)
5. Fjölgreinaskól (6-12 ára) Heill dagur (starfræktur allt sumarið)
6. Sumaræfingar í körfubolta (12-16 ára) (starfræktar allt sumarið)
7. Sumaræfingar í handbolta (12-16 ára) (starfræktar allt sumarið)

Við bjóðum upp á gæslu foreldrum að kostnaðarlausu frá klukkan 08:00-09:00 alla daga en annars er dagskráin eftirfarandi;

Fyrir þá krakka sem voru á heilsdagsnámskeiði var innifalið í verðinu hjá þeim heitur matur frá Skólamat. Það var einnig í boði fyrir þá krakka sem voru aðeins hálfan daginn en fóru síðan beint á æfingu að kaupa aukalega hádegismat. Þetta fannst okkur nauðsynlegt fyrir krakkana sem eru jafnvel frá átta á morgnanna til fjögur á daginn að fá heitan og næringarríkan hádegismat í staðin fyrir að allir kæmu með sitt eigið nesti.

09:00-10:15	Prógramm 1
10:15-10:45	Nesti
10:45-12:00	Prógramm 2
12:00-13:00	Hádegismatur
13:00-14:15	Prógramm 3
14:15-14:45	Nesti
14:45-16:00	Prógramm 4



Yfirlit yfir starfsemi

Með öllum þessum námskeiðum höfum við reynt að sína metnað varðandi það að hirða vallarsvæði okkar svo sómi sé að. Þegar kemur að því að hirða velli og mannvirki er í mörg horn að líta og þar höfum við reynt að nýta okkur sérþekkingu starfsmann okkar eins og kostur er. Eins og sjá má hefur íþróttasvæði Hauka tekið algerum stakkaskiptum og leyfi ég mér að fullyrða að það sé til fyrirmyndar.

Hér að neðan eru nokkur af þeim verkefnum sem við sinntum í sumar.

Umsjón með íþróttaskóla Hauka 2-16 ára
Fjölgreinaskóli
Körfuboltaskóli
Fótboltaskóli
Handboltaskóli
Íþróttaleikskóli 2-5 ára
Æfingar seinni partinn fyrir 12-16 ára
Gras sláttur
Brekkur
Rönd við leikvelli
Með trjám
Með fram vallarhúsi.
Áhorfendastæði
Beðahreinsun
Kantskurður við vallarhús
Snyrting á beði við vallarhús
Grjóthreinsun úr beðum og af grasi
Upptaka á blómareit við vallarhús
Snyrta beð á bílastæði
Grjóthreinsun úr brekku við mark
Verk í aðalhúsi
Þrif á áhorfendapöllum á íþróttahúsi
Þrif á eldhúsi og matsal
Þrif á gæslurými
Þrif á útileiksvæði
Móttaka
Tiltekt í áhaldageymslunni
Þrif á harpax af rimlum og mörkum
Vallarhús
Þrif á klósettum, sturtum, klefum, móttöku
Tiltekt í áhaldageymslunni
Útisvæði
Þrif á varamannaskýlum
Hreinsun á steinum af gervigrasi
Þrif á bílastæði



Samantekt

Eftir tíu sumur er íþróttaskólinn í föstum skorðum og í honum eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er frábær starfsemi við allra hæfi hvort sem það eru íþróttakrakkar, börn úr hverfinu sem koma ný og kynnast því öflugra starfi sem Haukarnir bjóða uppá eða unglingar sem vilja fara á sumaræfingar í hand- og körfubolta.

Okkar skoðun er sú að við getum fyllilega staðið við það verð sem við buðum upp á í sumar og það var rétt ákvörðun hjá okkur að hækka verðið

Íþróttaskólinn er vel skipulagður, gott utanumhald var um tímamál starfsmanna, við bjóðum upp á dagskrá fyrir nánast alla, bjóðum upp á fjölbreytt námskeið, góðan hádegismat, höfum góða aðstöðu og góða starfsmenn. Það sem við þurfum að gera betur fyrir næsta sumar/næstu sumur er að fara í öflugra markaðsstarf og auglýsa það góða sem við erum að gera.

Allir krakkarnir sem sóttu námskeiðin virtust njóta sín og fara ánægð út eftir sumarið. Það sama getur verið sagt um starfsfólkið en mikill fjöldi sem sækir um að fá að starfa við íþróttaskólann á hverju sumri og það er mikill kostur að geta valið það starfsfólk í vinnu sem best hentar. Yfir sumarið var skráð niður hjá okkur vinnusemin og dugnaður hjá hverjum starfsmanni sem auðveldar okkur að velja starfsfólkið fyrir næsta sumar. Það starfsfólk sem vann best fær aftur vinnu næsta sumar ef það óskar þess en nýtt fólk verður fengið inn fyrir þá sem ekki stóðust lágmarks frammistöðu.

Höldum áfram að bæta okkur og gera gott betra,

E. Frístundaheimili Hauka

Á haustmánuðum 2014 tók frístundaheimili Knattspyrnufélagsins Hauka til starfa. Var þar meðal annars horft til þess hvernig mætti efla tengsl Hauka við skólasamfélagið og samþætta íþróttaiðkun og skólustarf.

Óhætt er að segja að rekstur frístundaheimilisins hafi gengið vel þann tíma sem það hefur starfað. Starfsemin fór hægt af stað, en nú er eftirspurnin eftir plássi meiri hægt er að anna og eru það fyrst og fremst húsnæðismál sem hamla því að hægt sé að taka fleiri börn í frístund. Í vetur eru 55 börn skráð í frístund hér á Ásvöllum og hefur þeim fjölgað umtalsvert frá síðasta skólaári.

Á vordögum 2017, var undirritaður nýr þjónustu- og samstarfssamningur um rekstur frístundaheimilisins milli Knattspyrnufélagsins Hauka og Hafnarfjarðarbæjar. Samningurinn kveður á um rekstur frístundaheimilis fyrir börn 6-9 ára og um gagnkvæmar skyldur Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka vegna rekstur þess. Með samningnum er mótuð stefna og umgjörð í starfi frístundaheimilisins á gildistíma samningsins. Um tilgang og forsendur segir m.a. í 2. grein samningsins að frítími barna og fullorðinna sé dýrmætur og í vaxandi mæli sé það krafa foreldra að vinnutími barna verði samfelldari og að gæði frístundastarfs á vegum sveitarfélagsins taki mið af þörfum fjölskyldunnar fyrir samveru að vinnudegi loknum.

Frístundaheimili er nú lögboðin þjónusta sveitarfélagsins og mikilvægur liður í uppeldi og reynslunámi barna. Markmið samningsins er að gefa Knattspyrnufélaginu Haukum tækifæri á að reka



frístundaheimili fyrir börn í Hafnarfirði á aldrinum sex til níu ára og efla þannig valmöguleika bæjarbúa, styrkja innra starf íþróttafélagsins og gefa börnum kost á að samtengja betur frítíma sinn við íþróttaiðkun.

Ofangreind markmið hafa svo sannarlega náðst því börnin sem eru hjá okkur í frístundaheimilinu nýta sér þátttöku í öflugum íþróttastarfi félagsins og mæta á íþróttæfingar eða sinna öðrum áhugamálum þann tíma sem þau dvelja í frístundaheimilinu.

Á liðnu haust var tekin upp sú nýbreytni hjá Hafnarfjarðarbæ að bjóða upp á akstur frístundabíls, en frístundabíllinn sækir börnin í frístundaheimilin og er þeim ekið á ýmsa staði í bænum þar sem þeim gefst kostur á að stunda sínar íþróttæfingar. Nokkur börn í frístundaheimili Hauka, Haukaseli, nýta sér þessa þjónustu.

Aðstaða Frístundaheimilis Hauka er samkomusalurinn, stóri íþróttasalurinn, útisvæðið á Ásvöllum og svo hið náttúrulega svæði í nágrenninu.

Frístundaheimili Hauka er í boði fyrir grunnskólanemendur í 1. til 4. bekk Hraunvallaskóla og Skarðshlíðarskóla. Börnin eru sótt í skólann og komið á Ásvelli, gangandi ef veður leyfir, annars með rútu. Starfsemi frístundaheimilisins er frá kl. 13:00 til kl. 17:00 virka daga og börnin fá síðdegishressingu kl. 14:15. Á skertum dögum skólans og starfsdögum er frístundaheimilið opið frá kl. 9:00.

Forstöðumaður frístundaheimilisins er Íris Óskarsdóttir, B.S. í Tómsunda- og félagsmálafræði, en auk Írisar starfa 4 aðrir starfsmenn við rekstur frístundaheimilisins.

F. Afreksskóli Hauka

Vorið 2017 lauk Afreksskóli Haukasínum níunda skólavetri. Kristján Ómar Björnsson hefur verið í forsvari fyrir starfið frá upphafi. Nemendur Afreksskólans koma úr unglingadeild og fá námi metið sem tvær valgreinar í sínum grunnskóla. Nemendur hljóta í viku hverri 195 mínútur af kennslu í þremur kennslustundum: Líkamlegri morgunæfingu, tækniæfingu og bóklegum fyrirlestri.

Haustið 2016 varð sú breyting á, að beiðni forsvarsmanna deildanna innan félagsins, að hver deild fékk ábyrgð á ráðningum kennara í sinni íþróttagrein, áherslum í íþróttakennslunni og rekstri. Þetta breytta fyrirkomiulag hafði lítil sem engin áhrif á daglegt starf skólans en með komu nýs íþróttahúss á Ásvelli horfa menn spenntir til möguleikanna til að geta umbylt afreksstarfi félagsins og veitt tilvonandi afreksmönnum félagsins enn betri þjónustu. Sumir langbreyttir þjálfarar félagsins horfa hýru auga til þess að þurfa ekki lengur að bjóða upp á morgunæfingar í Afreksskólanum.

Haustið 2017 var svo tekinn inn metfjöldi nemenda eða 100 nemendur þar sem gríðarlega stór árgangur nemenda fæddir 2004 bættist við hópinn.



G. Barna- og unglingaráð

Sú breyting hefur orðið á starfssemi hins sameiginlega Barna- og unglingaráði að nú starfa barna- og unglingaráð sjálfstætt innan hverrar deildar. Vísast því í ársyfirlit deildanna

H. Skákdeild

Æfingar eru einu sinni í viku fyrir yngri skákmenn og byrjendur. Þjálfari deildarinnar er Páll Sigurðsson. Rúmlega 50 fyrirtæki taka þátt í hinni árlegu firmakeppni deildarinnar sem jafnframt er helsta fjáröflunarleið henna. Sveitir frá deildinni eru þátttakendur á Skákþingi Íslands. Formaður deildarinnar er Jón Þór Helgason.

I. Öldungaráð Hauka

Hið 25 ára gamla Öldungaráð starfaði með hefðbundnum hætti þetta árið. Spilakvöld eru einu sinni í mánuði og nú var farin haustferð í stað vorferðar sem þótti takast mjög vel.

Farin var óvissuferð um höfuðborgarsvæðið og fetað í spor útlendra ferðamanna.

Leiðsögumaður var Ágúst Ragnarson og farastjóri Steinþór Einarsson, okkar ágæti fyrrum formaður félagsins sem oft áður hefur skipulagt og stjórnað ferðalögum Öldungaráðs. Ekið var um höfuðborgarsvæðið og m.a. farið um borð í varðskipið Óðinn þar sem farið var yfir viðburðarríka sögu skipsins. Þá lá fyrir heimboð að Bessastöðum þar sem staðarhaldari leiddi gesti um staðinn og fræddi. Viðburðarríkum degi lauk síðan á veitingastaðnum Hliði á Álftanesi þar sem húshaldarinn Jóhannes Viðar hafði hlaðið borð glæsilegum veitingum.

Það voru þreyttir en ánægðir ferðalangar sem renndu í hlað á Ásvöllum síðla dags eftir ánægjulega dagsferð.

Stjórn Öldungaráðs skipa:

Jóhanna Axelsdóttir formaður, Erna Mathiesen varaformaður, Ragnar Árnason, Ragnhildur Jónsdóttir, Hrafn Helgason, Ármann Guðjónsson og Ragnheiður Sigurðardóttir.

J. Íþróttahátíð Hauka

Það ríkir ávalt eftirvænting hjá Haukafólki síðasta dag ársins þegar kynnt eru úrslit í kjöri besta íþróttafólks ársins. Svo var einnig nú þegar fjölmennt var í íþróttasalinn hér á Ásvöllum í hádegi Gamlársdags.

Tilnefningar hlutu eftirtalin:

Íþróttakona Hauka 2017.

Eva Ósk Gunnarsdóttir – karate



Hildur Aðalsteinsdóttir – almenningsdeild

Alexandra Jóhannesdóttir – knattspyrna

Þóra Kristín Jónsdóttir – körfubolti

Elín Jóna Þorsteinsdóttir – handbolti

Besta íþróttakona ársins 2017 – Elín Jóna Þorsteinsdóttir

Íþróttamaður Hauka 2017

Gunnar Ingi Ingvason – karate

Ingi Páll Sæbjörnsson – almenningsdeild

Daníel Snorri Guðlaugsson – knattspyrna

Finnur Atli Magnússon – körfubolti

Daníel Þór Ingason – handbolti

Besti íþróttamaður ársins 2017 – Daníel Þór Ingason

Þjálfari ársins 2017

Emil Barja – körfubolti

Kristján Ó Davíðsson – karate

Einar Jónsson og Elías Már Halldórsson – handbolti

Þjálfari ársins 2017 – Emil Barja

Einar Jónsson og Elías Már Halldórsson

Landsliðsfólk Hauka og þátttakendur í sérverkefnum sérsambandanna HSÍ, KSÍ og KKÍ 2017

Glæsilegur hópur ungmenna sem valin höfðu verið í landslið Íslands og hin ýmsu verkefni sérsambandanna steig á stökk og voru heiðruð og hyllt. Hópurinn var stærri en nokkru sinni fyrr eða um 150. Framtíðin er svo sannarlega björt hjá Haukum.

Þessari glæsilegu viðurkenningarhátíð lauk síðan með kaffisamsæti í boði aðalstjórnar.

K. Getraunaleikur

Getraunastarfsemin var gróskumikil sem fyrr. Um 30 sveitir taka þátt í leiknum sem leikinn er vetur og haust. Er það mál manna að kaffisopinn og góðar veitingar mildi skammdegisdrungann auk þess að flest vandamál heimsins verði hjóm eitt eftir að spekingar hópsins hafa brotið þau til mergjar.

L. Minningar- og styrktarsjóður Hauka

Minningarsjóðurinn var stofnaður 1977 af ættingjum Garðars S. Gíslaonar og hét þá Minningarsjóður Garðars S. Gíslasonar. Var hann sameinaður undir núverandi nafni 1995.



Tekjur sjóðsins er frjáls framlög einstaklinga og stuðningsaðila.

Einn styrkur var greiddur á árinu vegna endurnýjunar á hljóðkerfi Samkomusalar félagsins.

Stjórn sjóðsins skipa: Bjarni H. Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Björg Guðmundsdóttir.

M. Félagsráð Hauka

Félagsráð hefur m.a. haft á hendi innheimtu árgjalda sem hafa að mestu runnið til styrktar Barna- og unglingaráðs.

N. Haukar í horni – stuðningsmenn

Haukar í horni er stuðnings- og styrktarklúbbur sem einstaklingar og fyrirtæki geta gerst aðilar að. Stofnað 1990 til styrktar komu tékkneska handboltamannsins Petr Baumruk. Í upphafi og fyrstu árin var starfsemin á vegum Handknattleiksdeildar en fyrir nokkrum árum var starfsemin sameinuð öðrum deildum félagsins. Í dag geta menn tengst þeirri deild er þeir kjósa og rennur þá mánaðargjaldið til þeirrar deildar. Tekjum er ráðstafað m.a. til barna- og unglingastarfs og ýmissa brýnna verkefna hverju sinni. Í dag eru meðlimir Hauka í horni rúmlega 300 og greiða þeir mánaðalegt gjald til klúbbsins. Stöðugt er leitast við að efla og styrkja þennan mikilvæga hóp.

Helstu markmið Hauka í horni eru:

- **Að styrkja og efla félagsandann innan Hauka – virkja Haukahjartað**
- **Að styðja félagið í blíðu og stríðu**
- **Að halda úti öflugum meistaraflokkum**
- **Að vera leiðandi í öflugum innra starfi**

O. Almenningsíþróttadeild

Inngangur

Almenningsíþróttadeild Hauka hefur vaxið og dafnað í gegnum árin. Styrkur okkar liggur þó án vafa í grasrótinni eins og hin fyrri ár. Kjarni Almenningsíþróttadeildar er venjulegt fólk sem vill hittast í góðum félagskap og efla andann um leið og það stundar heilnæma heilsurækt.

Tilgangur og markmið

Tilgangur deildarinnar er að efla íþróttaiðkun meðal almennings í Hafnarfirði og standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna.

Núverandi stjórn er þannig skipuð;

Hreiðar Júlíusson varaformaður

Díana Harpa Ríkarðsdóttir gjaldkeri

Soffía Helgadóttir meðstjórnandi

Anna Bára Gunnarsdóttir meðstjórnandi

Anton Magnússon formaður

Helstu verkefni Skokkhópsins á árinu 2017;



Árlega erum við með byrjendanámskeið sem eru í reynd undirstaðan og grunnurinn að okkar flotta hóp. Rúmlega 60 manns mættu á fyrstu byrjendaæfingar vorsins og þóttu þessi námskeið vel heppnuð. Eitthvað rjætlaði þó úr hópnum þegar leið á en 40 manns greiddu námskeiðsgjaldið.

Önnur verkefni voru; **Styrktarhlaup Hauka** sem var hlaupið í mars en þar buðum við öllum sem vildu að mæta á opna æfingu gegn vægu gjaldi. Það sem safnaðist rann óskipt til fjölskyldu Bjarna Salvars Eyvindssonar, ungs drengs sem lést af slysförum í Afríku. Hátt í tvö hundruð manns mætti og sýndi styrk sinn og samhug.

Það sem við vitum varðandi söfnunina er að það komu um 160.000 í baukana. Skokkhópur Hauka bætti við það 45 þús. 100.000.- til viðbótar kom frá Fasteignasölunni Hraunhamri. Hraunvallaskóli færði þeim 150.000. Margir sem ekki áttu tók á að mæta lögðu beint inn á reikninginn þeirra. Söfnunin okkar hreyfði við mörgum og minnti á að það þarf ekki flóknar aðgerðir eða risa undirbúning til að áorka miklu og sýna kærleika í verki.

Fjölskylda og vinir Bjarna voru á staðnum og sáu að nærumhverfið stendur með þeim á þessum erfiðu tímum.

Afmælishlaup Hauka, 12. apríl var haldið með pompi og pragt. Við buðum í stórt samhlaup og buðum hlaupurum og hlaupahópum að hlaupa með okkur af gleði. Við buðum upp á stærðar köku og með því að hlaupi loknu.

Hvítasunnuhlaup HAUKA var haldið í fimmta skipti um Hvítasunnuna 2017. Um 330 manns hlupu Hvítasunnuhlaupið. Allir bestu hlauparar landsins komu og tóku þátt að vanda. Hlaupið heppnaðist í alla staði frábærlega og verður án vafa í hópi bestu hlaupa ársins. „Krefjandi, falleg leið og utanumhaldið frábært“ voru meðal ummæla sem við fengum að hlaupi loknu. Verðlaunaafhendingin var í íþróttasalnum og ljóst er að stærð hlaupsins kallar á þennan stóra sal enda varð sú umgjörð mun faglegri og skemmtilegri fyrir vikið. Við bættum við einni hlaupalengd 2017, 22km og gátum með því skráð hlaupið til alþjóðlegra ITRA stiga. Hlaupið verður við þetta mun meira freistandi fyrir hlaupara bæði erlenda og innlenda sem stefna á stærstu erlendu hlaupin. Því má bæta við að í ársbyrjun 2018 var hlaupið valið þriðja besta hlaup ársins 2017 í flokki utanvegahlaupa á Íslandi.

Til þess að svona hlaup takist og sé hreinlega framkvæmanlegt verður að kalla til marga sjálfboðaliða og styrktaraðila.

Aðalstyrktaraðilinn okkar Asics/Sportís studdi gríðarlega vel við hlaupið. Einnig mætti svo bæta við Ásbjörn Ólafsson, MS og Innes sem hafa stutt dyggilega við hlaupið með gjöfum.

Ég vil benda félögum á að Hvítasunnuhlaupið er okkar aðal fjáröflunarleið. Allar okkar tekjur koma frá þessu hlaupi. Það er okkur því gríðarlega mikilvægt að vel takist til.

Við þurfum að fjölga styrktaraðilum en aðallega verðum við að fá ákveðnara framlag frá hlaupafélögum í formi vinnu í undirbúningi fyrir hlaupið og brautarvörslu og vinnu á hlaupadag. Til þess að geta gert allt það sem hópurinn gerir yfir árið þarf einhverju að fórna til. Eina helgi á ári hlaupum við ekki heldur stöndum saman og gerum það sem þarf að gera svo þetta hlaup heppnist sem best. Hvítasunnuhlaupið þarf á ykkur að halda.....Skokkhópur Hauka þarf á ykkur að halda.

Við hlaupum erlendis annað hvert ár og í ár var ekki farið erlendis en við vorum þess duglegri heima við.

Reykjavík Maraðon var á sínum stað, þar sem okkar fólk hljóp af gleði að vanda. Við áttum föngulegan hóp **Laugavegshlaupara** þetta árið eins og undanfarin ár. Við fjölmenntum líka í **Snæfellshlaupið** og þótti sú ferð með eindæmum skemmtileg. **Vormaraþonið**, **Kvennahlaupið**, **Jónsmessuhlaupið**, **Kaldárbotnahlaupið** og **Flensborgarhlaupið** voru svo á sínum stað að vanda.



Flensborgar óskuðu eftir aðstoð og samvinnu um Flensborgarhlaupið og að sjálfsgöðu var það auðsótt mál eins og undanfarin ár.

Við stóðum fyrir **Kirkjuhlaupi** á öðrum degi jóla. Þetta stórskemmtilega verkefni vex og stækkar með hverju ári. Að vanda buðum við okkar helstu nágrönnum að hlaupa með okkur. Við fengum hlaupara frá FH, Stjörnunni, Álftanesi, Breiðablik, Fjölni, Frískum Flóamönnu, Víkingum og Val svo einhverjir hópar séu nefndir. Nú var hlaupið frá nýju safnaðarheimili, nýrri kirkju. Hlaupið heppnaðist í alla staði stórvel og sýnir enn og aftur hverju við getum áorkað með samstilltu átaki.

Að venju lukum við svo árinu með okkar frábæra **Gamlárshlaupi Hauka**. Búningarnir voru að vanda alsráðandi og varla nokkur maður í hlaupagallanum einum fata.

Skokkhópur Hauka var mjög virkur í íslensku hlaupasamfélagi árið 2017. Að vanda þvældust okkar félagar út allt land að taka þátt í hlaupum., Hamarslaupið, Gullspretturinn, Snæfellshlaupið, Ármannshlaupið, Vormarabonið, Haustmaraboni, Vesturgatan ofl. ofl. Við vorum að vanda vel sýnileg og virk þetta árið. Vetrarstarfið hefur verið einstaklega farsælt og við átt stóran hóp í Powerade hlauparöðinni og marga í og við verðlaunasæti.

Gönguhópur var stofnaður í kringum Laugavegshlaupið og hefur sá hópur komið gríðarlega vel út. Þau hafa verið dugleg að æfa göngur upp um fjöll og fyrnindi og margar ferðir voru stórskemmtilegar. Hópurinn gékk svo bæði Snæfellshlaupaleiðina og Laugavegsleiðina og urðu um leið frábær hvatning fyrir þá sem hlupu.

Skíðahópurinn hefur elfst til muna. Skíðagöngufólki fjölgað jafnt og þétt og þau verið afar dugleg við æfingar. Að klára Landvættina er væntanlega markmiðið hjá þeim flestum en ekki skemmir fyrir að skíðagangan er ótrúlega skemmtileg.

Þess má geta að Eiríkur Svanur hlaupafélagi varð Landvættur á árinu og þar með fyrsti Haukarinn til að ná þeim áfanga. Að sjálfsgöðu óskum við Eiríki hjartanlega til lukku með áfangann.

Ekki er hægt að fara í gegnum upptalningu á verkefnum hópsins á árinu án þess að minnst aðeins á flottustu uppskeruhátíð fyrir og síðar.

Afmælisdagurinn byrjaði með frábæru óvissuhlaupi sem Hreiðar hélt utanum. Við tókum rútu niður í miðbæ Reykjavíkur og þar var tekið ratleiks- ljósmynda hlaup af skemmtilegustu gerð. Við enduðum svo í matsal Pipar/Salt og fengum Pizzur, Öl og stórkostleg dansatriði.

Uppskeruhátíðin var um leið 10 ára afmælishátíðin okkar og því var öllu tjaldað til. Margir félagar komu að undirbúningi og aðstoðuðu við að gera þessa uppskeruhátíð eftirminnilega.

Heida ljósmyndari tók myndir eins og enginn væri morgundagurinn.

Kjötkompaníið var með dásendarveislu.

Innanhúss skemmtiatriði sem slógu í gegn.

Verðlaunaveitingar.

Jói Dans dró fram ótrúlegustu danshæfileika í mannskapnum.

Páll Óskar var hreinlega geggjaður. Hér söng hver einasti kjaftur.

DJ Fuzi tryllti lýðinn í lokin.

Svona á að halda afmælis-uppskeruhátíð.

Æfingar eru 3 x í viku, mánudaga og miðvikudaga kl. 17:30 og svo breyttum við til og laugardagarnir hefjast kl. 9:00.

Á vormánuðum 2017 steig Anton til hliðar sem þjálfari eftir að hafa stýrt æfingum frá 2009. Hreiðar tók við keflinu og hefur stýrt æfingum af mikilli snilld.



Íþróttafólk ársins: Hildur Aðalsteinsdóttir og Ingi Páll Sæbjörnsson voru valin Íþróttamenn Almenningsíþróttadeildar Hauka 2017. Thelma Lind Jónsdóttir var svo valin nýliði ársins. Við veittum þeim viðurkenningar á uppskeruhátíðinni okkar og Hildur og Ingi Páll voru svo okkar fulltrúar við hátíðlega athöfn á Gamlársdag að venju.

Veraldarvefurinn: Almenningsíþróttadeildin hefur haldið úti bloggsíðu undanfarin ár. Ritnefndin stóð sig með sóma og þakka ég þeim fyrir vel unnin störf.

Ég hefði þó viljað sjá efni koma inn á síðuna frá öðrum félögum. Við gerum skemmtilega síðu, lifandi og þarfa með því að vera dugleg að miðla þar efni. Pistlar sem þið rekist á, greinar sem einhverjum dettur í hug að snara yfir á ylhýra, allt það sem er jákvætt og passar við það sem við erum að gera. Það þarf ekki að setja í sig í rithöfundagírinn en það er undir ykkur komið að vera dugleg miðla því efni sem þið rekist á.

Fésbókin hefur að vanda verið mikið notuð til almennra samskipta og einnig til að minna á æfingar. Póstlistinn okkar er óspart notaður að venju.

Rekstur deildarinnar: Rekstur deildarinnar er með miklum ágætum. Eigið fé nokkurt og engar útistandandi skuldir. Helsta tekjulind deildarinnar var greiðsla æfingagjalda og svo Hvítasunnulaupið eins og undanfarin ár. Ég minni enn og aftur á mikilvægi þess að styðja við Hvítasunnulaupið með ráð og dáð. Rekstur deildarinnar er undir því kominn að vel takist til.

Annað:

Anton þurfti af persónulegum ástæðum að stíga frá um tíma sem formaður og þjálfari á fyrri hluta ársins. Stjórnin steig upp af miklum myndarskap og með hjálp frábærra hlaupafélaga voru öll verkefni ársins leyst fullkomlega.

Deildin varð 10 ára árið 2017. Við vorum brosmild, hress og vel sjáanleg um allt land. Gáfum af okkur og studdum nærsamfélagið en umfram allt studdum hvort annað. Sjálfboðastarf, aukahlaup, myndahlaup, sprellhlaup, smá partý, heiti potturinn, allt er þetta til þess að gera deildina sterkari og okkur samheldnari. Gerum næsta ár eftirminnilegt, stöndum saman, gleðjumst og verum virk. Sterkara samstarf, sterkari skokkhópur.

Að lokum: Margar hendur vinna létt verk og framþróun og þroski hópsins er í ykkar höndum.

Þitt er að hafa áhrif!

Úr ársskýrslu Almenningsíþróttadeildar

P. Knattspyrnudeild

Knattspyrnusumarið 2017 gekk í heildina ágætlega þar sem meistaraflokkar félagsins tefldu fram ungum og efnilegum leikmönnum.

Fjöl margar efnilegar stúlkur í knattspyrnudeild Hauka tóku þátt hæfileikamótun, úrtaksæfingum og verkefnum á vegum KSÍ árið 2017. Þá tóku nokkrir drengir þátt í landsliðsæfingum þannig að framtíðin er björt.



Þær Sunna Líf Þorbjörnsdóttir og Katrín Hanna Hauksdóttir voru á úrtaksæfingum með U19 landsliðinu á árinu og Sæunn Björnsdóttir með U16. Sæunn tók einnig þátt í úrtaksæfingum U17 fyrr á árinu ásamt Þórdísi Elvu Ágústsdóttur, sem gekk nýlega til liðs við FH. Sæunn var svo aftur valin á U17 úrtaksæfingar sem voru haldnar í desember þessa árs.

Þá tóku Erla Sól Vigfúsdóttir, Berghildur Björt Egilsdóttir og Elín Björg Símonardóttir sem allar eru fæddar árið 2003 þátt í hæfileikamótun hjá KSÍ í apríl 2017 og aftur um haustið. Erla Sól var svo valin áfram í U16 ára hóp í haust. Berghildur tók líka þátt í knattspyrnskóla KSÍ á Laugarvatni í sumar. Þær Mikaela Nótt Pétursdóttir, Viktoría Dilja Halldórsdóttir, Elín Klara Þorkelsdóttir og Berglind Þrastardóttir voru valdar til að taka þátt í hæfileikamótum 2004 árgangsins.

Alexandra Jóhannsdóttir, sem gekk nýlega til liðs við Breiðablik, spilaði landsleiki með bæði U17 og U19 landsliðum Íslands á árinu þar sem leikið var annars vegar í milliriðli EM 2017 og undankeppni EM 2018. Alexandra var fyrirliði beggja landsliða.

2. flokkur karla hjá Haukum skilaði framúrskarandi árangri sl. keppnistímabil og sigraði B deild Íslandsmótsins þannig að liðið spilar í A deildinni í sumar. Þjálfarar liðsins eru þeir Salih Heimir Þorca og Rúnar Guðlaugsson. Alls eru um 40 iðkendur í flokknum.

Eins og greint hefur verið frá í síðustu ársskýrslum er ljóst að nýtt gervigras, sem lagt var haustið 2015, er mikill ávinningur fyrir iðkendur í knattspyrnudeild Hauka en að sama skapi hefur þörfin fyrir knattspyrnuhús á Ásvöllum aldrei verið meiri.

Vonir standa til að skrifað verði undir samning á milli Hauka og Hafnarfjarðarbæjar um byggingu nýs knattþúss fyrir lok mars. Í þeim samningi verða ákvæði um að hefja undirbúning á þessu ári með breytingu á deiliskipulagi, forhönnun hússins ásamt jarðvegskönnun. Knattspyrnudeild Hauka er fjölmennasta deild félagsins og þar sem Haukar eru staðsettir við eitt stærsta og nýjasta íbúahverfi Hafnarfjarðar, ásamt því að margir iðkendur félagsins koma einnig m.a. úr Áslandi, Hvammahverfi og af Holtinu, þá þarf að reisa knattþús hið fyrsta. Haukar þurfa að vera samkeppnishæfir við nágrannafélög og keppinauta hvað aðstöðu varðar.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna spilaði í Pepsí deildinni og þrátt fyrir góða spilamennsku í flestum leikjum þá voru úrslitin ekki með okkur og varð hlutskiptið fall í 1. deild. Í lok tímabils ákvað þjálfarateymi liðsins, þeir Kjartan Stefánsson og Jóhann Unnar Sigurðarson, að stíga frá borði og þakkar knattspyrnudeild Hauka þeim fyrir vel unnin störf. Við tók Jakob Leó Bjarnason ásamt Guðrúnu Jónu Kristjánsdóttur sem einnig þjálfar 3. flokk kvenna með Helgu Helgadóttur, yfirþjálfara kvennaflokka deildarinnar.

Nokkrar breytingar hafa orðið á liðinu frá sl. keppnistímabili en ágætlega hefur gengið að manna hópinn fyrir komandi tímabil þannig að ásamt efnilegum Hauka-stúlkum verðum við með skemmtilegt og spennandi lið í 1. deildinni í sumar.

Marjani Hing-Glover var valin besti leikmaður sumarsins og Sæunn Björnsdóttir sú efnilegasta, annað árið í röð. Alexandra Jóhannsdóttir var valin knattspyrnukona sumarsins en stjórn knattspyrnudeildar Hauka kemur að því vali.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla hafnaði í 7. sæti Inkasso deildarinnar en liðið sýndi að mestu leyti flotta spilamennsku, sérstaklega á Ásvöllum, allt sumarið en gaf eftir í lokin. Þjálfarateymi liðsins voru þeir Stefán Gíslason og Hilmar Trausti Arnarson og lét Stefán af störfum eftir tímabilið. Þakkar



knattspyrnudeild Hauka þeim fyrir vel unnin störf. Við liðinu tók Kristján Ómar Björnsson sem á að baki 324 meistaraflokksleiki, þar af rúmlega 200 með Haukum, og er Hilmar Trausti áfram aðstoðarþjálfari.

Á komandi tímabili verður áherslan lögð á unga og efnilega leikmenn Hauka ásamt fáeinum reynsluboltum þannig að það verður spennandi að fylgjast með okkar strákum í sumar.

Daníel Snorri Guðlaugsson var valinn besti leikmaður sumarsins og Þórir Jóhann Helgason sá efnilegasti. Daníel Snorri var svo valinn knattspyrnukarl sumarsins en stjórn knattspyrnudeildar Hauka kemur að því vali.

Barna- og unglíngastarf

Knattspyrnudeild Hauka hefur um árabíl lagt mikla áherslu á að innan deildarinnar starfi öflugir þjálfarar sem búi yfir menntun frá KSÍ. Það hefur nú þegar skilað ungum og efnilegum leikmönnum upp í meistaraflokka félagsins sem og í yngri landslið Íslands. Næsta skref er að tryggja betri æfingaaðstöðu sem knattspyrnuhús myndi án efa gera eins og áður greinir.

Barna- og unglíngastarf – Stúlkur

Andri Rafn Ottesen sá um þjálfun 8., 7. og 6. flokks kvenna eins og undanfarin ár en lét af störfum eftir tímabilið. Andra er þakkað fyrir afar vel unnin störf hjá félaginu. Við 8. flokki tók Dagrún Birta Karlsdóttir, sem er einnig leikmaður meistaraflokks kvenna, og Helga Helgadóttir tók við þjálfun 7. og 6. flokks kvenna en hún gegnir einnig stöðu yfirþjálfara kvennaflokka deildarinnar. Helga tók við sem yfirþjálfari í hlutastarfi haustið 2017 og í fullu starfi frá áramótum 2018 og hefur fagmennska aukist til muna með komu hennar.

Þjálfun 5. flokks kvenna er nú á hendi Stefáns Svans Stefánssonar en hann þjálfaði áður hjá Þrótti R. en hann tók við keflinu af Eyþóri Bjarnasyni sem félagið þakkar fyrir ágætt samstarf.

Árni Ásbjarnarson þjálfar áfram 4. flokk kvenna en hann kemur einnig að aðstoð í öðrum flokkum.

Helga þjálfar einnig 3. flokk kvenna ásamt Guðrúnu Jónu, aðstoðarþjálfara meistaraflokks kvenna.

Markmið knattspyrnudeildar Hauka er að félagið verði með 2. flokk kvenna frá haustinu 2018 en það er afar mikilvægur hluti í uppbyggingu kvinnastarfs knattspyrnudeildar Hauka.

Barna- og unglíngastarf – Drengir

Í yngri flokkum drengja árið 2017 var mikið líf og margir iðkendur. Keppnisfyrirkomulag var hefðbundið, þ.e. þátttaka í Faxaflóamóti, Íslands- og pollamótum eftir flokkum og árstíðum. Árangur var almennt með ágætum og ljóst að æskulýðsstarf Hauka er að skila mörgum heilum og góðum einstaklingum út í lífið.

Í 8. og 7. flokki var og er Einar Karl Ágústsson þjálfari og Hilmar Emilsson aðstoðarþjálfari í 8. flokki og Gylfi Steinn Guðmundsson í 7. flokki.

Freyr Sverrisson var og er þjálfari 6., 5. og 4. flokks en aðstoðarþjálfarar í þessum flokkum eru þeir Einar Karl, Viktor Ingi Sigurjónsson og Árni Hjörvar Hilmarsson. Þess má geta að 4. flokkur kk er fjölmennasti flokkur félagsins.

Hilmar Trausti Arnarsson kom aftur til félagsins og tók við þjálfun í 3. flokki en hann lét af þjálfun í flokknum um haustið 2017 og tók Freyr Sverrisson við þjálfun flokksins.



Keppnistímabilið 2017 þjálfuðu Salih Heimir Porca og Rúnar Guðlaugsson 2. flokk kk sem er með um 40 iðkendur. Sigrðu þeir sinn riðil í B deildinni og fóru upp með liðið í A deild.

Úr ársskýrslu Knattspyrnudeildar

Q. Handknattleiksdeild

Starfsárið sem er að líða hefur verið okkur handboltafólki í Haukum gjöfult og er starfið í alla staði öflugt og ekki veitir af því nú erum við að renna inn í tímabil úrslitakeppni sem krefst mikils af okkar sjálfboðaliðum.

Nú eru framkvæmdir við nýjan íþróttasal á lokametrinum og verður hann vonandi tekinn í notkun á allra næstu dögum og vonandi fyrir lok mars. Með tilkomu betri aðstöðu og fleiri tímum til æfinga fyrir okkar iðkendur verðum við loksins komin með sambærilega aðstöðu og okkar samkeppnisaðilar.

Mikið og gott starf var unnið í deildinn undanfarið ár og má segja að staðan hjá okkur hvað varðar iðkendur og þjálfun hafi lagast til muna.

Síðasliðið haust réðum við til starfa Herbert Sigfússon eldheitan Haukamann sem hefur nýlokið mastersnámi í Danmörku í University of Southern Denmark -- MSc í Economics and Business Administration: Sports and Event Management

og hefur hann sinnt starfi „viðburðar og mótsstjóra“ handknattleiksdeildar Hauka.

Þá var nú um miðjan mars gengið frá ráðningu Arons Kristjánssonar sem við þekkjum jú öll og mun hann taka við nýju starfi hjá deildinni sem Framkvæmdarstjóri íþrótt- og markaðsmála. Aron mun taka til starfa þegar hann lætur af störfum nú í byrjun júní sem þjálfari Danmerkurmeistara Aalborg Håndbold.

Aron hefur reyndar nú þegar hafið störf með Gunnari Magnússyni við undirbúning næsta árs sem felst í greiningu og uppstillingu á þjálfurum yngri flokka deildarinnar svo og leikmannamálum meistaraflokkanna. Við stjórnendur deildarinnar væntum mikils af starfi Arons bæði á félagslega og faglega sviðinu svo og við markaðssetningu handboltans í Haukum.

Vorið 2017 var okkur gjöfult, kvennaliðið okkar var Deildarmeistari en féll út í undanúrslitum og voru það okkur mikil vonbrigði. Karlaliðið féll úr keppni með minnsta mun í 8 liða úrslitum eftir oddaleik, framlengingar og vítakeppni. Við eignuðumst Íslandsmeistara í 3. fl. karla, 6. fl. karla og 5 fl. kvenna s.l vor og framtíðin sannarlega björt.

Þegar þetta er ritað er nýlokið úrslitahelgi bikarkeppni HSÍ, Coca Cola bikarnum þar sem við vorum með bæði karla og kvennaliðin okkar, karlaliðið tapaði fyrir ÍBV í undanúrslitum en kvennaliðið lék til úrslita en tapaði þar fyrir fyrnasterku liði Fram.

Nú er framundan úrslitakeppni Íslandsmótsins sem verður skemmtileg og vonandi náum við að landa titli í ár í mfl.

Það eru skýr markmið okkar hér eftir sem hingað til að efla starfið á öllum sviðum, að gera stóratök til að efla almennt félagstarf yngri sem eldri.

Úr ársskýrslu Handknattleiksdeildar



R. Körfuknattleiksdeild

Árið 2017 er búið að vera viðburðaríkt ár hjá KKD Hauka. Margir sjálfbóðaliðar hafa komið að starfinu á starfsárinu og verður þeim seint þakkað nægjanlega mikið fyrir sitt framlag. Fólkið sem kemur að þessu starfi vinnur mjög óeigingjarna sjálfbóðavinnu og leggur sig allt fram við að styðja við starf deildarinnar. Fyrir utan þá sem starfa í stjórn og ráðum er mikið af sjálfbóðaliðum sem koma að starfi Hauka á mismunandi hátt. Haukafjölskyldan er stór og er alltaf að stækka. Til að hægt sé að reka svo metnaðarfullt starf þarf einnig sterka samstarfsaðila. Hafnarfjarðabær hefur unnið vel með Haukum á árinu í bættri aðstöðu deildarinnar. Samstarfsaðilar Hauka hafa stutt deildina myndarlega og það er alltaf að bætast í hópinn frábær fyrirtæki og einstaklingar sem styðja við bakið á Haukum.

Við hjá Haukum leggjum mikla áherslu á jafnrétti kynjanna og reynum alltaf að eiga lið í fremstu röð hjá báðum kynjum í öllum flokkum.

Barna og unglingsstarfið.

Stefnumótunarvinna fór af stað, sem undirbúningur fyrir frekari stefnumótun innan deildarinnar. Lokahólf var haldið í maí fyrir yngri flokka félagsins. Þar stóð barna og unglingsráð að undirbúningi. Stór verkefni eins og þátttaka landliðs okkar á Eurobasket hafa gríðarlega góð áhrif og auka jafnan áhuga á íþróttinni. Slík tækifæri þurfum við að nýta sem best. Tímasetning mótsins gerði okkur aftur á móti erfiðara fyrir varðandi skipulagningu á upphafi tímabilsins í september og setti strik í reikninginn hjá mörgum körfuknattleikslíðum í kapphlaupinu við aðrar íþróttagreinir um ungt íþróttafólk. Það gekk þó vonum framar sem sýnir sig í auknum fjölda iðkenda. Haukar eiga í dag mjög marga leikmenn í yngri landsliðum Íslands.

Undirbúningur fyrir Stelpubúðir Helenu og Hauka hófst um mitt sumar því æfingabúðirnar voru haldnar nokkuð fyrr en venjulega eða uppúr miðjum ágúst. Búðirnar verða þó vinsælli með hverju árinu sem líður og mættu yfir 100 stúlkur víðsvegar af landinu. Starf sjálfbóðaliða er afar mikilvægt til að svona helgi gangi vel og var engin undantekning á því þetta árið. Söludagur á Haukabúningum var haldinn um mánaðarmótin september/október og svo aftur 7. desember í tengslum við tvíhöfðaleiki meistaraflokkanna. Úr varð stór og mikill viðburður, fjöldi fólks mætti og gott samstarf ráðanna þriggja skilaði sér vel.

Actavismótið var á sínum stað í janúar. Mótið sem fer stækkandi milli ára krefst mjög mikils undirbúnings og þar sýna sig mjög vel þau verðmæti sem við höfum í öllum sjálfbóðaliðum okkar, því margir þurfa að koma þar að. Hjá BUR má segja að frá því vikuna fyrir mót reyni talsvert á við undirbúning mótsins, sem er orðinn stór þáttur í fjáröflun fyrir körfuknattleiksdeildina.

Nú er í gangi vinna við skilgreiningar og skráningar á verkferlum. Allir flokkar félagsins eru í stórum og skemmtilegum verkefnum sem munu standa fram á vorið.

Meistaraflokkarnir.

Tímabilið 2016/2017 var mikil prófraun hjá báðum liðum sem misstu mjög mikilvæga leikmenn. Karlaliðið sá á eftir Kára Jónssyni sem fór til Bandaríkjanna í háskólaboltann sem myndaði stórt skarð sem erfitt var að fylla. Liðið var í basli framan af en með góðum endaspretti náðu þeir að tryggja

sætið í deildinni. Árangurinn var að vissu leyti vonbrigði enda liðið með góðan hóp leikmanna. Liðið endaði í 10 sæti. Kvenna megin var mikil uppstokkun. Helena Sverris eignaðist barn á tímabilinu og því ekki með þetta tímabil. Að auki ákváðu flestar af reyndari leikmönnum að yfirgefa félagið. Eftir sátu unglínga- og stúlknaflokkur Hauka sem fengu að spreyta sig á stóra sviðinu ásamt erlendum leikmanni. Þetta var dýrmætt tímabil fyrir þessar ungu stelpur og þær stóðust prófið svo sannarlega og náðu markmiði sínu sem var að tryggja áframhaldandi sæti í úrvaldeildinni. Liðið endaði í 7. sæti.

Meistaraflokkur kvenna.

Núverandi tímabil byggir kvennaliðið ofan á reynslu ungu stúlknanna sem kláruðu síðasta tímabil með sóma. Helena er mætt aftur eftir barneignarleyfið og er liðinu mjög mikilvæg með reynslu sinni og getu. Erlendur leikmaður, Cherise Daniel spilaði með liðinu fram yfir áramót en skipt var um leikmann í janúar og í stað hennar kom Whitney Frazier sem þekkir vel til íslensks körfubolta en hún lék fyrir nokkrum árum með Grindavík. Liðið féll óvænt úr bikarkeppninni í 8 liða úrslitum gegn Breiðablik.

Í lok árs fékk Helena Sverris boð um að spila janúarmánuð með atvinnumannaliði Good Angels frá Slóvakíu sem hún hafði áður spilað með. Liðið var að berjast á mörgum vígstöðum og meðal annars í „Euro Cup“. Helena þáði boðið og því þurftu stelpurnar að spila án hennar þrjá leiki í janúar. Stelpurnar þjöppuðu sér saman og unnu alla þrjá leikina þannig að eftir á að hyggja var þetta góð reynsla fyrir alla. Núna þegar þetta er skrifað hafa stelpurnar tryggt sér deildarmeistaratilinn þrátt fyrir að 3 umferðir séu eftir af mótinu. Heimaleikjarétturinn er því tryggður í úrslitakeppninni sem hefst von bráðar. Frábær árangur og nú er næsta markmið að sjálfsgöðu að verða Íslandsmeistarar.



Á myndina vantar Helenu Sverrisdóttir sem þurfti að láta sauma fyrir skurð sem hún fékk á nefið í leiknum.

Á tímabilinu voru þær Þóra, Dýrfinna, Rósa og að sjálfsgöðu Helena allar valdar í 12 manna A - landsliðshóp Íslands sem er mikil viðurkenning, sérstaklega fyrir þær ungu stelpur sem er að stíga sín fyrst skref með A-landsliðinu. Það er ljóst að framtíðin er björt í kvennaboltanum hjá Haukum.

B. Aðalþjálfari kvennaliðsins er Ingvar Þór Guðjónsson og framan af vetri var Helena Sverrisdóttir spilandi aðstoðarþjálfari en eftir að Helena fór til Slóvakíu í janúar var (Baddi Magg) Bjarni Magnússon ráðinn aðstoðarþjálfari út tímabilið. Styrktarþjálfari liðsins er Finnur Atli Magnússon.

Meistaraflokkur karla.

Karlaliðið er skipað nánast sömu leikmönnum og árið áður nema nýr erlendur leikmaður var fenginn til að styrkja liðið. Samið var við Roger Woods síðla sumars en í október var ákveðið gera breytingar og því var samningi við hann sagt upp. Októbermánður var viðburðaríkur hjá liðinu. Nýr bandarískur leikmaður Paul Anthony Jones III var fenginn til Hauka. Skömmu eftir að hann kom bárust þær ánægjulegu fréttir að Kári Jónsson hafi ákveðið að koma heim og spila á Íslandi og að sjálfsgöðu kom ekkert annað til greina en að hann myndi spila með Haukum. Samið var við Kára og ljóst að mikill liðsstyrkur var kominn til Hauka. Eftir þetta hefur liðið styrkst með hverjum leiknum og þegar þetta er skrifað er liðið nýrðið deildarmeistarar í fyrsta skipti í sögu félagsins. Stórkostlegur árangur hjá þessu frábæra liði. Heimavallrétturinn er því tryggður í komandi úrslitakeppni og stefnan að sjálfsgöðu sett á Íslandsmeistaratitilinn. Í bikarkeppninni duttu Haukar út í undanúrslitum eftir spennandi leik við Tindastól.



Á tímabilinu voru fimm Haukar valdir í 20 manna æfingahóp A-landsliðsins en það voru þeir Emil Barja, Kári Jóns, Kristján Sverris, Breki Gylfa, og Hjálmar Stefáns. Kári Jóns var einnig valinn í 12 manna hópinn.

Aðalþjálfari karlaliðsins er Ívar Ásgrímsson og honum til aðstoðar er Vilhjálmur S. Steinarsson sem einnig er styrktarþjálfari liðsins.

Í lokin er ekki hægt annað en að minnast á Maníuna. Strákarnir í Maníunni hafa verið frábærir á pöllum í leikjum hjá strákunum og einstaka mikilvægum leikjum hjá stelpunum. Framundan er úrslitakeppni hjá báðum liðum og því mun vera nóg að gera hjá liðsmönnum Maníunnar á næstunni. Haukar hafa beðið lengi eftir bættri aðstöðu til æfinga og keppni og í lok marsmánaðar er áætlað að hægt verði að taka í notkun nýjan körfuboltasal til æfinga. Nýji salurinn verður allur hinn glæsilegasti og það er mikil tilhlökkun að fá hann afhentan. Salurinn verður fyrst um sinn aðallega til æfinga en stefnt er að því að koma áhorfendapöllum í hann fyrir næsta tímabil svo hægt verði að spila í honum í úrvaldeildinni á næstu leiktíð. Í nýja húsinu mun körfuknattleiksdeildin einnig fá góða félagsaðstöðu fyrir starfsemi deildarinnar.

Úr ársskýrslu Körfuknattleiksdeildar

S. Karatedeild

Árið 2017 var gott ár fyrir Karatedeildina. Hæst ber að nefna að Eva Ósk Gunnarsdóttir fékk svart belti um vorið, óskum við henni enn og aftur til hamingju með þann merka áfanga.

Keppnishópur Karatedeildarinnar fer ört stækkandi og með aukinni reynslu fjölga þeim keppendum sem keppa um verðlaun. Hjördís Helga Ægisdóttir byrjaði haustið af krafti á mótum og verður vonandi langur kafli um afrek hennar í næstu skýrslu.

Margir ungir og efnilegir iðkendur eru að æfa hjá Karatedeildinni núna og verður spennandi að fylgjast með þeim vaxa úr grasi og sjá hverju þeir geta áorkað þegar þau fara að taka þátt á mótum. Kristján Ó. Davíðsson er enn formaður deildarinnar, Helgi Kumar er gjaldkeri og Gunnlaugur er enn yfirþjálfari deildarinnar. Aðrir þjálfarar hjá deildinni á árinu voru Kristján Ó. Davíðsson, Eva Ósk Gunnarsdóttir, Helgi Freyr Jónsson og Hjördís Helga Ægisdóttir. Hjördís Helga kom ný inn í þjálfarateymið okkar á árinu og stóð sig vel í nýju hlutverki.

Eftirfarandi einstaklingar voru tilnefndir af karatedeildinni til íþróttamanns og konu Hauka og þjálfara Hauka og fengu að því tilefni viðurkenningu frá aðalstjórn, Eva Ósk Gunnarsdóttir var tilnefnd sem íþróttakona Hauka. Gunnar Ingi Ingvarsson var tilnefndur sem íþróttamaður Hauka Kristján Ó. Davíðsson var tilnefndur sem þjálfari Hauka

Úr ársskýrslu Karatedeildar



Eva Ósk með svarta beltið



T. Blak

Blakdeild Hauka hefur vaxið og dafnað með þeim stuðningi og tækifærum sem Knattspyrnufélagið Haukar hefur gefið deildinni. Veturinn 2017-2018 voru 45 konur skráðar í blakið, 22 karlmenn og 21 nýliði (blandaður hópur), samanlagt eru þetta um 90 einstaklingar. Hóparnir hafa verið að æfa tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Ásvellir er heimavöllur deildarinnar og fá iðkendur tækifæri einu sinni í viku til þess að æfa þar en alla jafna notast deildin við smærri íþróttahúsin í bænum, eins og íþróttahúsin í Víðistaðarskóla og Setbergsskóla.

Að þessu sinni teflir deildin fram fjórum liðum á Íslandsmóti Blaksambands Íslands, þremur kvennaliðum og einu karlaliði. Liðin þurfa að ferðast um langan veg í keppnum, til Ísafjarðar, Húsavíkur og Neskaupsstaðar svo eitthvað sé nefnt. Haukar eru á góðri siglingu í blakinu og er ein af stærri deildum landsins í flokki fullorðinna þrátt fyrir ungan aldur. Í blaki byrja öll lið í neðstu deild á Íslandsmótinu og vinna sig upp um deildir. Haukum hefur tekist með eljusemi að vinna sig upp um deild á hverju ári, er um þessar mundir eitt sterkasta lið deildarinnar í 4. deild og á mikla möguleika að komast upp í 3. deild að þessu blakári loknu. Stefnan er að halda áfram þar til Haukar geta teft fram Úrvalsdeildarliði.

Einnig tefla Haukar fram sterku kvennaliði í Bikarkeppni Blaksambands Íslands, eru þær komnar í 16 liða úrslit (þriðju umferð). Bikarkeppni Blaksambandsins er hörð keppni, þar er liðum ekki getuskipt og unnið er eftir útsláttar fyrirkomulagi. Fyrsti heimaleikur Hauka í Bikarkeppninni verður í lok janúar 2018 á móti úrvalsdeildarliði Þróttar.

Það hefur verið mikil búbot fyrir félagið þegar Haukar samþykktu að koma fyrir þrem blakvöllum í sal B á Ásvöllum. Fékk deildin því tækifæri til þess að fjölga iðkendum á æfingum og gat haldið sitt fyrsta blakmót. Engar línur hafa þó enn verið gerðar á þessum þremur nýju blakvöllum og mætti bæta úr því. Einnig hefur verið óskað eftir því að borað verði fyrir þrem blakvöllum til viðbótar í A sal. Væri hægt að koma því við hefðu Haukar mun fleiri tækifæri til þess að halda stærri blakmót og styrkja deildina fjárhagslega.

Það er mikill þrýstingur úr blaksamfélaginu og frá Blaksambandi Íslands að Knattspyrnufélagið Haukar stígi stærra skref í að byggja upp blakiðkun í Hafnarfirði. Það eru mikil tækifæri fyrir Hauka í þessari íþróttagrein. Blakdeildin hefur óskað eftir því við aðalstjórn Hauka að blakdeildin verði viðurkennd sem formleg deild innan félagsins, en er nú skráð sem almenningsdeild. Breytingin myndi styrkja stöðu blakdeildarinnar en ekki síður byggja upp nýjan og áður óséðan aldurshóp meðal iðkenda Hauka og hafa þar með mikil áhrif á innviði félagsins.

Stjórn Blakdeildar Hauka vinnur eftir tímaplani og markmiðum sem stjórnin setur sér á tveggja ára fresti, meðal þess sem er lagt mikla áherslu á er fagmennska.

Veturinn 2017 – 2018 urðu breytingar í þjálfaramálum hjá deildinni. Karl Sigurðsson heldur áfram sem aðalþjálfari deildarinnar en þeir Egill Þorri Arnarsson og Sergej Diatlovic bættust í teymið. Þeir



eru báðir að spila með öðrum liðum í Úrvalsdeild. Einnig er deildin komin með þrjá löggilta dómara og deildin rétt að skríða í fjórða starfsárið sitt innan Knattspyrnufélagsins Hauka.

Við lítum björtum augum á framtíð blakdeildarinnar. Við undirstrikum þá ósk okkar um að verða deild innan Hauka og teljum við að það mundi eingöngu stækka og styrkja þetta annars öfluga félag sem Haukar eru.

Stjórn Blakdeildar skipa:

Karólína Helga Símonardóttir formaður

Aðalheiður Kr. Jónsdóttir gjaldkeri

Selma Benediktsdóttir ritari

Íris Helga Baldursdóttir meðstjórnandi

Ragnheiður Berg meðstjórnandi

Herborg Hulda Símonardóttir varamaður

Hulda Guðrún Bjarnadóttir varamaður

Ellen Kristjánsdóttir varamaður

Úr ársskýrslu Blakdeildar

U. Golf

Fyrsta golfmót Hauka var haldið sumarið 1989 í Hvammsvík, Hvalfirði. Þátttakendur voru um 20. Ógleymanlegt veður og almenn ánægja með mótið varð til þess að ákveðið var að halda Haukagolfmót að ári. Mótið var haldið í Hvammsvíkinni til 1992 og var þá flutt á Hvaleyrarvöllinn.

Mótið var í umsjá bræðranna Guðmundar og Ingimars Haraldssona í fyrstu en eftir að það var flutt á Hvaleyrina bættist Guðmundur Friðrik Sigurðsson í hópinn.

“**Haukum í holu**” hefur síðan fjölgað jafnt og þétt og voru þeir um 100 í síðasta móti í sept. 2015.

Keppt hefur verið um Rauða Jakkann frá upphafi, í fyrstu var notast við vínrauðan vinnujakka af Inga sem hann var hættur að nota. Síðan var sérsaumaður nýr rauður jakki sem gefinn var af Sparisjóði Hafnarfjarðar og er enn keppt um þann jakka.

Keppnin er tvískipt. Í punktakeppni er keppt um Rauða Jakkann en í högggleik er keppt um Baddaskjöldinn og núna Haukabikarinn.

Veitt eru verðlaun fyrir 1. – 3. sæti í punktakeppni auk glæsilegra nándarverðlauna.

Frá árinu 2013 hefur einnig verið keppt um titilinn Öldungameistari Hauka til minningar um Ólaf H. Ólafsson.



Þeir félagar, Bjarni Hafsteinn Geirsson og Guðbjartur Jónsson heitinn, sáu um að Haukafáninn væri dreginn að húni og félagsfáninn settur upp í golfskálanum á Hvaleyrinni. Tóku þeir á móti keppendum, gengu frá skorkortum eftir keppni og sáu um að allt gengi upp. Sannarlega hrókar alls fagnaðar.

Félagar Badda heitins í veiðiklúbbnum Haukur á stöng gáfu árið 2005 silfurskjöld – Baddaskjöldinn – til keppni í högguleik án forgjafar. Keppt var um skjöldinn í 10 ár. Skjöldurinn er nú í vörslu félagsins.

Aðalstjórn félagsins gaf í fyrra farandgrip, Haukabikarinn. Keppt verður um hann í 10 ár í besta skori án forgjafar.

Haukafélagar í fyrirtækjarekstri jafnt sem einstaklingar hafa alla tíð stutt dyggilega við mótið og gefið myndarleg verðlaun, þannig að allir sem vettlingi hafa valdið og á golfkylfu haldið hafa farið heim með verðlaun í mótslok.

Myndarlegur ágóði hefur verið af mótinu alla tíð og hefur honum verið varið til eflingar starfssemi hinna ýmsu deilda Hauka.

Haukamótið þykir með glæsilegustu mótum sem haldin eru á Hvaleyrarvelli. Fer þar saman besti golfvöllurinn og golfmót besta félagsins.

Innan Hauka eru og hafa verið margfaldir Íslandsmeistarar í hinni göfugu golfíþrótt, má þar nefna Björgvin Sigurbergsson, Svein Sigurbergsson og Úlfar Jónsson.

Golf-Haukar er hópur sem kom saman á 80 ára afmæli félagsins 2011 og stofnaði þetta er 16 manna hópur fyrrum keppnis- og stjórnarmanna úr handknattleiksdeild félagsins sem fundu sér rólegri farveg á grænum grundum golfvalla landsins og víðar. Aldursmörkin eru 50 ára og meðlimir þurfa auk þessa að vera skráðir í Keili.

Talsmenn Golf-Hauka eru þeir Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðmundur Haraldsson og Ingimar Haraldsson.

Úrslit í Golfmóti Hauka 2017 sem fram fór 1. september á Hvaleyrarvelli

Rauði Jakkinn: Björn Þorfinnsson á 41 punkti, Sigurður Aðalsteinsson 38 punktar og Ægir Örn Sigurgeirsson 37 punktar.

Baddabikarinn/skjöldurinn: Sigurður Aðalsteinsson á 73 höggum.

Í Öldungaflokki, Guli boltinn til minningar um Ólaf H. Ólafsson: Sigurður Aðalsteinsson með 38 punkta.



V. Veiði

Haukur á stöng og Mokveiðideildin hafa starfað blómlega um margra áratugaskeið og sótt björg í bú í ár og vötn innanlands og utan. Fyrri hópurinn er fámennur og lokaður öðrum en formönnum félagsins og deilda þess og eru inntökuskilyrði afar ströng. Mokveiðideildin sem er fjölmenn, samanstendur aðallega af stuðningsmönnum handknattleiksdeildar félagsins og eru inntökuskilyrði rýmri en færri komast þó að en vilja.

Afli var tregur þetta árið að sögn heimildarmanna.

W. Rekstrarfélag Hauka ehf

Aðalfundur Rekstrarfélags Hauka ehf var haldinn 6. mars.

Stjórn Rekstrarfélagsins skipa eftirtalin: Formaður Samúel Guðmundsson, Ágúst Sindri Karlsson, Þorgeir Haraldsson, Valgerður Sigurðardóttir og Jónas Jónmundsson.

Varamenn: Guðborg Halldórsdóttir, Gerður Guðjónsdóttir og Jón Erlendsson.

Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Hauka ehf er Magnús Gunnarsson.

X. ÍBH

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar var stofnað þann 28. apríl 1945 að tilhlutan Íþróttaráðs Hafnarfjarðar, Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagsins Hauka og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar. Þessi þrjú íþróttafélög teljast því stofnendur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Tvö þeirra hafa eflst og vaxið eins og kunnugt er, en starfsemi Skíða- og skautafélagsins lagðist niður eftir 1960.

Um nokkurra missera skeið hefur verið í undirbúningi að skerpa á stefnu og framtíðarsýn ÍBH með það að markmiði að styrkja starf og stöðu bandalagsins og móta sameiginlega sýn til framtíðar með heildarhagsmuni aðildarfélaga að leiðarljósi. Í því felst að skerpa á þeim forgangsherslum sem ÍBH og aðildarfélög bandalagsins eiga að vinna að, auka skilvirkni bandalagsins og skilning á milli þeirra félaga sem að íþróttabandalaginu standa og efla vinnubrögð og samhljóm viðhorfa hjá félagsmönnum ÍBH. Ávinningur vinnunnar er því skýr stefna og áherslur ÍBH, skilvirkara kerfi til að vinna eftir og sterkari liðsheild sem vinnur samstíga að því að byggja upp farsælt samstarf og efla á allan hátt starfsemi ÍBH og samkennd innan bandalagsins.

Á 50. þingi ÍBH sem haldið var þann 20. maí á liðnu ári voru nokkrar tillögur lagðar fram og samþykktar sem skipta íþróttafélögin miklu máli.

Má þar nefna m.a. tillögu um að fella niður 10% kostnaðarluta íþróttafélaga í nýframkvæmdum íþróttamannvirkja.

Í samstarfssamningi milli Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH sem gildi til loka 2007 var kostnaðarluti íþróttafélaga í nýframkvæmdum íþróttamannvirkja 20%. Í samningi sem tók gildi í ársbyrjun 2008 og



er enn í gildi, var búið að minnka kostnaðarhlutann í 10%. Íþróttafélögin eiga fullt í fangi með að reka íþróttastarfið og er þar af leiðandi æskilegt að kostnaðarhluti þeirra í uppbyggingu íþróttamannvirkja verði enginn. Í Kópavogi og Reykjavík hefur verið horfið frá skiptingu byggingarkostnaðar 20/80 og 10/90. Þar byggja sveitarfélögin 100% á sinn kostnað ný íþróttamannvirki.

Þá var á þinginu samþykktar tillögur um framkvæmdaröð verkefna og var þar m.a. samþykkt að frá árinu 2018 – 2021 yrði knattús byggt á Ásvöllum.

Tillaga um að hvetja Hafnarfjarðarbæ að hækka framlag fyrir handhafa Íslands- og bikarmeistara úr kr. 300 þúsund í kr. 600 þúsund var samþykkt, en upphæðin hefur staðið í stað svo árum skiptir.

Á árinu 2016 voru rekstrar- og þjónustusamningar milli Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna endurnýjaðir. Enn vantar töluvert á að samningarnir séu í takt við þá samninga sem nágrannasveitarfélögin hafa gert við íþróttahreyfinguna og eru bæjaryfirvöld hvött til að hækka greiðslur vegna þessara samninga til samræmis við samninga annarra sveitarfélaga.

Fulltrúafundur ÍBH var haldinn þann 25. nóvember sl. Þar flutti Viðar Garðarsson, markaðsfulltrúi, formaður upplýsinga og fjölmiðlanefndar ÍSÍ, erindi um markaðsmál íþróttahreyfingarinnar sem bar yfirskriftina „hvernig kem ég minni íþróttagrein best á framfæri við almenning og fjölmiðla“. Áhugavert erindi og vert er fyrir íþróttafélög að kynna sér efni erindisins í þeirri viðleitni að ná betur til og virkja sjálfbóðaliða, foreldra og fjölmiðla.

Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðar fór fram miðvikudaginn 27. desember sl. í Íþróttahúsinu við Strandgötu að viðstöddu fjölmenni. Alls voru 429 Íslandsmeistarar heiðraðir. Frjálsíþróttadeild FH átti 114 Íslandsmeistara, sunddeild SH átti 65 Íslandsmeistara og handknattleiksdeild Hauka átti 45 Íslandsmeistara, önnur félög og deildir áttu færri.

Hafnarfjarðarbær, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og Rio Tinto á Íslandi hf. undirrituðu á íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar í desember samning um eflingu íþróttastarfs yngri en 18 ára iðkenda íþróttafélaganna í Hafnarfirði. Er þetta sjötti samningurinn sem þessir aðilar gera um eflingu íþróttastarfs yngri iðkenda í Hafnarfirði. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2017 og út árið 2019. Árið 2017 greiðir hvor aðili kr. 9.000.000 á ári.

Árið 2017 var viðburðarríkt í hafnfirsku íþróttalífi og starfsemi ÍBH var þróttmikil og mörg áhugverð og mikilsverð mál voru þar til lykta leidd.

Fulltrúi félagsins í stjórn ÍBH er Magnús Gunnarsson.

Y. Fjármál

Rekstur Knattspyrnufélagsins Hauka er fjölþættur, eins og framlagðir ársreikningar félagsins bera með sér. Rekstur félagsins er tvískiptur, annars vegar er um að ræða umsýslu Knattspyrnufélagsins Hauka og hins vegar Rekstrarfélags Hauka ehf., en félagið er að öllu leyti í eigu Knattspyrnufélagsins Hauka og hefur það hlutverk að sjá um rekstur meistaraflokka félagsins í handknattleik, körfuknattleik og knattspyrnu. Heildartekjur félaganna á árinu 2017 voru samtals um ???? milljónir



króna, en heildar rekstrarútgjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði voru kr. ??? milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins 2017 að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var jákvæð um tæpar ??? milljónir króna. Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 31.12.2017 eru kr. ??? milljónir, en skuldir samstæðunnar nema um ??? milljónum króna, þar af langtímaskuldir kr. ??? milljónir.

Rekstur íþróttafélags er í eðli sínu mjög sveiflukenndur. Helgast það ekki síst af þeirri staðreynd að tekjuflæði er óstöðugt og nokkuð ótryggt, en uppspretta fjármagns er háð mörgum ólíkum þáttum. Má þar til nefna samstarfssamninga við fyrirtæki, rekstrar- og þjónustusamninga við Hafnarfjarðarbæ sem og styrkveitingar sem sumar hverjar eru háðar árangri og sýnileika afreksfólks Hauka, sem og efnahagslegir þættir er lúta að iðkendum og fjölskyldum þeirra, svo fátt eitt sé nefnt. Nokkuð hefur verið rætt um kostnaðarhlutfall við byggingu íþróttamannvirkja innan íþróttahreyfingarinnar, en kostnaðarhlutfall hefur verið þannig háttáð á undanförunum árum að Hafnarfjarðarbær hefur lagt fram 90 % framkvæmdakostnaðar á móti 10% framlagi frá viðkomandi íþróttafélag. Áður var þessi kostnaðarskipting 80% framlag Hafnarfjarðarbæjar á móti 20% framlagi íþróttafélags. Er þar vísað til 7. greinar í samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH.

Nú háttar svo til á Ásvöllum að með sérstöku samkomulagi á milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka frá 2012 að Hafnarfjarðarbær eignaðist Íþróttamiðstöð Hauka að fullu, en Haukar eiga Samkomusal félagsins sem og allt skrifstofurými. Með vísan til þessa og einnig þess að framkvæmd nýja kennslu- og íþróttasalarins sem nú er í byggingu er alfarið á höndum Hafnarfjarðarbæjar óskaði Aðalstjórn Hauka þess að nýr kennslu – og íþróttasalur sem nú er í byggingu verði alfarið í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Knattspyrnufélagið Haukar rekur fjölþætta starfsemi á Ásvöllum og telur að meira skipti að geta einbeitt sér að kröftugu, uppbyggilegu, íþróttastarfi í stað lítills eignarhluta í nýjum kennslu- og íþróttasal á Ásvöllum. Með vísan til þess sem hér er að ofan ritað, sendi félagið bréf til bæjarráðs Hafnarfjarðar, þar sem þess er farið á leit að eignarhald á nýjum íþróttasal verði alfarið í höndum Hafnarfjarðarbæjar. Bæjarráð tók vel í erindið og nú er ljóst að framkvæmdakostnaður við nýja íþróttasalinn verður alfarið á hendi Hafnarfjarðarbæjar. Er þar með ljóst að ekki verður um íþyngjandi fjárskuldbindingar að ræða vegna byggingarinnar. Er bæjarfulltrúum hér þökkun sú ákvörðun.

Þegar litið er til reksturs Knattspyrnufélagsins Hauka og Rekstrafélags Hauka má segja að reksturinn sé í járnnum. Heldur hefur þó birt til, en stöðugt aðhald er lykilatriði í rekstri félagsins. Það skiptir verulegu máli að rekstrargrunnur félagsins sé traustur og leita forráðamenn félagsins stöðugt nýrra leiða til að bæta fjárhagslega stöðu þess. Það getur hins vegar verið erfiðleikum bundið að reka félagið svo ásættanlegt sé ef ekki tekst að treysta betur fjárhagslegan stöðugleika með betra og öruggara fjárstreymi til lengri tíma.

Mörg spennandi verkefni eru framundan, byggingu nýja íþróttasalarins er að ljúka og stefnt er að lóðarfrágangi umhverfis nýja íþróttasalinn á vordögum. Þá er gert ráð fyrir að undirbúningur að nýju knattþúsi hefjist á árinu, en lengi hefur verið beðið eftir að betri aðstaða fyrir knattspyrnuíðkun líti dagsins ljós. Má reikna með að á næstu tveimur til þremur árum verði risið myndarlegt upphitað knattþús í fullri stærð á lóð félagsins. Samhliða þeim byggingaframkvæmdum sem þegar eru



fyrirhugaðar á svæði félagsins verður unnið að breyttu deiliskipulagi á árinu og þar horft til þess hvernig frekari uppbyggingu á svæði félagsins verður háttað í náinni framtíð.

Margt hefur áunnist varðandi uppbyggingu á Ásvöllum og Haukar geta verið stoltir hvernig staðið hefur verið að þeim byggingum sem þegar hafa risið. Þar hefur ríkt metnaður til að vanda vel til verka og skipulags og má segja að með tilkomu knatt húss og síðar nýrrar stúku verður Íþróttamiðstöð Hauka og umgjörð öll á svæði félagsins ein sú besta á landinu.

Það er líka afar ánægjulegt að Hafnarfjarðarbær hefur góðan skilning á að samhliða öflugri uppbyggingu íbúðabyggingar á Völlum þurfi samhliða að byggja upp góða aðstöðu fyrir íbúana til að skapa aðstöðu til öflugs íþróttastarfs og annarrar afþreyingar.

Það má því segja að það sé bjart framundan hjá Haukum á komandi árum og mörg spennandi og krefjandi verkefni sem bíða hér úrlausnar.

Z. Hafnarfjarðarbær

Uppbyggingu á Ásvöllum er stýrt af framkvæmdanefnd um uppbyggingu Ásvalla sem starfað hefur undanfarin ár. Í nefndinni sitja fyrir hönd Hauka: Samúel Guðmundsson, Þorgeir Haraldsson og Magnús Gunnarsson, varamenn eru Ingimar Harldsson og Ágúst Sindri Karlsson. Byggingu nýs íþróttasalar mun ljúka næsta sumar með frágangi á lóð.

Haukar munu leggja til að ný framkvæmdanefnd verði skipuð að loknum kosningum í vor til að halda áfram því mikilvæga starfi sem nefndin hefur sinnt þar sem næsta verkefni er bygging á knattspyrnuhúsi og síðan í beinu framhaldi knattspyrnustúka.

Endurskoðun samstarfs- og rekstarsamnings.

Knattspyrnufélagið Haukar og Hafnarfjarðarbær vinna að endurskoðun á rekstrarsamningi í kjölfar þess að nýr íþróttasalur verður tekinn notkum.

Samskipti Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka hafa alla jafna verið góð og samskipti félagsins við bæjaryfirvöld bæði mikil og nauðsynleg. Hafnarfjarðarbær á mikið hrós skilið fyrir hvernig staðið hefur verið myndarlega að byggingu nýs íþróttasalar þar sem hljóðvist og allur búnaður er sá allra besta sem þekkist í íþróttahúsum. Vonast er til að næsta haust verði lokið við að setja áhorfendabekki í salinn þannig að hann nýtist að fullu til keppni.

Haukar munu leggja mikla áherslu á við Hafnarfjarðarbæ að slaka ekki á kröfum vegna byggingar Knattspyrnuhúss á Ásvöllum og byggja varanlegt húsi sem sómi sér vel með þeim metnaðarfullu byggingum sem þegar hafa verið byggðar á Ásvöllum.

Knattspyrnufélagið Haukar gegnir þýðingarmiklu hlutverki í nærsamfélagi þeirra byggða sem næst liggja Íþróttamiðstöðinni að Ásvöllum. Því eru miklir hagsmunir allra aðila að vel sé staðið að málum og að horft sé með bjartsýni og dug til framtíðar.

Verklegar framkvæmdir

Umfangsmestu framkvæmdir á Ásvallasvæðinu frá því að Ásvellir voru byggðir standa nú yfir. Þar eru helstu framkvæmdirnar nýr íþróttasalur og fyrirhuguð bygging á knatt húsi. Um þessar framkvæmdir er nánar fjallað hér á eftir. Þó að unnið sé að svo miklum framkvæmdum á svæði Hauka eins og nánar er vikið að hér á eftir þá er orðinn veruleg þörf á viðhaldsaðgerðum á Íþróttamiðstöðinni að Ásvöllum til að varna frekari skemmdum á húsinu. Fyrir nokkru síðan hefði þurft að hefja vinnu við múrviðgerð á



húsinu sem og að mála múrhúðaða fleti, þá eru nokkrir lekar frá þaki yfir aðkomusal, anddyri og aðstöðu starfsfólks sem koma þarf í veg fyrir. Þá er fyrir nokkru kominn tími til að yfirfara hellulagnir og malbik við húsið ásamt að hreinsa lóðina við húsið.

Þá þarf að huga að næstu framkvæmdum fyrir félagið þegar knattús verður byggt og þar fyrst horft til knattspyrnustúku við gervigrasvöllinn með búningsklefum undir samkvæmt þeirri hönnun sem langt var komin 2008. Þar á eftir er tengibygging milli nýja íþróttasalarins og stúkunnar þar sem koma þyrfti fyrir aðstöðu fyrir karatedeildina sem býr í dag við óviðunandi aðstöðu.

Mikill áhugi er fyrir hugmyndum Hauka að byggja íbúðir á svæði Hauka næst sundlaug og Vallarhverfinu og verður gert ráð fyrir þeim í breyttu deiliskipulagi sem nú er unnið að.

Nýr íþróttasalur

Nýr íþróttasalur er nú risinn og er unnið að lokafrágangi innanhúss og standa vonir til að æfingar hefjist í salnum nú lok mars um mánuði síðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í vor verður lokið við bygginguna að utan sem og að í byrjun sumars er gert ráð fyrir að lokið verði öllum frágangi á lóðinni milli íþróttasalar og bensinstöðvar.

Bygging íþróttasalarinn er vönduð í alla staði og má þar nefna eftirtalinn atriði sem er það besta sem gerist hér á landi og þó víðar væri leitað.

- Salurinn verður með besta fáanlega íþróttagólfi fyrir körfuknattleik sem á markaðnum er í dag. Gólfíð er vottað af FIBA og NBA og er í dag notað á stærstu íþróttahallir fyrir körfuknattleik í Bandaríkjunum.
- Allar körfur í húsinu eru sömuleiðis FIBA vottaðar og eru stillanlegar í hæð og verður því hægt að bjóða í fyrsta skipti yngstu iðkendum í körfuknattleik til keppni á aðal-keppnisvelli í húsinu.
- Hljóðvist í húsinu er sérstaklega hönnuð með það að markmiði að draga úr glymjanda. Hljóðvistin í húsinu er einstaklega vel heppnuð.
- Öll lýsing í húsinu er LED lýsing sem mun auka endingu og spara rekstrarkostnað verulega.
- Loftræsikerfi hússins er mjög afkastamið og með sérstökum stýringum sem fylgja CO₂ gildi í húsinu sem þýðir að kerfið eykur afköstin sjálfvirkt eftir þeim fjölda sem er í húsinu.
- Þá verða leikklukkur og búnaður af bestu gerð allt tölvustýrt og með LED skjám.

Það eina sem vantar til að hefja megi keppni í húsinu í efstu deildum körfuknattleiks eru áhorfendapallar en vonast er til að leyfi fái til að kaupa þá fyrir næsta haust þannig að salurinn nýtist að fullu til keppni.

Hafnarfjarðarbær á mikið hrós skilið fyrir að hafa hvergi slakað á í gæðum hússins eins og að ofan er rakið og er það mál þeirra sem til þekkja að risinn sé allra besta körfuknattleikssalur sem þekkist hér á landi.

Íþróttasalurinn verður vígður á afmælisdegi Hauka 12 apríl næst komandi. Eins og kunnugt er ákvað aðalstjórn Hauka fyrir 3 árum að nefna salinn „Ólafssal“ til minningar um Ólaf heitinn Rafsson forseta ÍSÍ, formann KKÍ og forseta FIBA Europe.

Knattús

Hafinn er undirbúningur að byggingu knattúss á Ásvöllum sem stefnt er að hefja byggingu á 2019. Haukar hafa lagt á það mikla áherslu að byggja einangrað hús sem að verði haldið í frostlausu að innan. Samkvæmt framtíðarsýn Hauka er gert ráð fyrir að húsið rísi á grasvellinum með bílastæðum sem nýtist bæði fyrir það hús sem og fyrir knattspyrnuvöllinn.



Nú er hafin vinna við breytingu deiliskipulags fyrir Ásvelli í samræmi við framtíðarsýn félagsins þar sem gert er ráð fyrir að knattús rísi á þessum stað og að knattspyrnuvöllir færast og verði nær íþróttamiðstöðinni. Jafnframt verði skipulögð lóð fyrir fjölbýlishús á svæði næst sundlaug og íbúðahverfi á Völlum.

AA. Lokaorð

Við Haukar förum bjartsýnir inn í næsta starfsár þar sem við munum taka nýjan íþróttasal í notkun hér við Ásvelli ásamt að við munum sjá fyrstu skref stigin í að byggja nýtt glæsilegt knattús sem sóma mun sér vel við hlið okkar metnaðarfullu bygginga hér á Ásvöllum.

Við væntum jafnframt áfram góðs árangurs hjá okkar ungu og bráðefnilegu meistaraflokksliðum sem öll eru borin uppi af leikmönnum sem aldir eru upp innan raða Hauka. Með þeirri miklu fjölgun sem orðin er á iðkendum Hauka á liðnu ári og þeirri bættu aðstöðu sem er að ljúka þá þarf ekki að kvíða fyrir framtíð Hauka.

Íþróttafélög í fremstu röð hér á landi eins og Haukar munu ekki eflast og dafna nema að sjálfbóðaliðar vinni gríðar mikið og óeigingjarnt starf fyrir sitt félag. Haukar hafa á að skipa fjölmennu og öfluglu liði sjálfbóðaliða sem vinna ómetanlegt og gott starf fyrir félagið. Sjálfbóðaliðum Hauka er þakkað fyrir gríðarlega gott starf fyrir félagið á liðnu ári.

Liðið starfsár hefur mjög viðburðaríkt og jafnframt ánægjulegt. Ár þar sem tekist hefur að halda áfram öfluglu starfi við að styrkja rekstur félagsins sem og að mjög góður árangur er að nást íþróttalega hjá deildum félagsins.

Jafnframt hefur Hafnarfjarðarbær aukið stuðning sinn við uppbyggingu félagsins eins og fram hefur komið hér að framan. Mörg spennandi verkefni við viðhald og uppbyggingu okkar öflugra félags er fram undan eins og fram hefur komið hér að framan og hef ég ákveðið að bjóða fram starfskrafta mína til að stýra Haukum áfram næsta starfsár.

Helstu verkefni á komandi starfsári eru:

- Halda áfram vinnu við að ná betra jafnvægi og styrkja rekstur félagsins. Nauðsynlega þarf að greiða niður íþyngjandi rekstraskuldir félagsins.
- Vinna áfram að uppbyggingu Ásvalla þar sem markmiðið er að hefja byggingu knattspyrnuhúss við Ásvelli ekki síðar en á árinu 2019.
- Stuðla að nýliðun í sjálfbóðaliðastarfi fyrir félagið og hvetja yngra fólk til að starfa fyrir Hauka.

Mörg önnur verkefni bíða nýrrar aðalstjórnar á næsta starfsári við að halda áfram uppbyggingu okkar öflugra félags.

Áfram Haukar,
Samúel Guðmundsson, formaður



AFREKSSKÓLI HAUKA 2016-2017



Efstir: Aron Breki Daniélfsson, Ólafur Björn Eydólfsson, Nikulíás Dóri Óskarsson, Sigurður Pétursson, Birgir Ingi Einarsson, Þorkell Jónsson, Ólafur Valur Hjartarson, Páll Þór Kolbeins, Magnús Gunnar Karlsson, Jakob Aronsson, Guðmundur B. Ástþórsson, Lárus Þór Björgvinsson, Mikael Andri Samúelsson, Steinn Kári Pétursson, Carlos Magnús Rabelo, Benedikt Leó Einarsson, Friðleifur Friðleifsson, Gunnar Már Þórðarson, Alexander Máni Daðason, Bjarni Gunnar Eiðsson, Sveinn Ari Hraðnarsson.

Standandi: Gunnar Magnússon (kennari), Emil Barja (kennari), Kristey Lea Ó. Mathiesen, Guðbjörg Alma Sigurðardóttir, Breki Már Antonsson, Þórarinn Búi Tryggvason, Magni Snær Jónasson, Haraldur Jón Friðriksson, Arni Sæmundsson, Steinar Logi Jónatansson, Alex Már Júlíusson, Kristófer Máni Jónasson, Þorfinnur Máni Björnsson, Þráinn Örn Jónsson, Bryndís Eva Birkisdóttir, Arni Snær Sigurjónsson, Þurður Ásta Guðmundsdóttir, Anton Karl Sindrason, Kristófer Jónsson, Matthías Máni Örvarsson, Victor Gauti Jóhannsson, Hallur Húni Þorsteinsson, Kristján Ómar Björnsson (kennari), Guðjón Ingi Sigurðsson (kennari), Birgir Magnús Birgisson (kennari).

Sitjandi: Stella Hrunn Ásþjarnardóttir, Hildur Bryndís Arnadóttir, Kolbrún Eir Þorláksdóttir, Sigrún Björg Ólafsdóttir, Karen Lilja Owolabi, Eiva Karen Örvarsdóttir, Arnór Logi Hákonarson, Emílija Osk Steinarsdóttir, Margrét Björg Castillo, Rakel Harpa Loftsdóttir, Unnur Dögg Wium Björnsdóttir, Dagbjört Freyja Reynisdóttir, Andrea Margrét Guðmundsdóttir, Hjördís Helga Ægisdóttir, Una Hrunn Örvar, Sæunn Björnsdóttir. Á myndina vantar: Dagbjört Yrfa Ólafsdóttir, Rósa Kristín Kemp.